

Sp.

490. Skýrsla

[274. mál]

iðnaðarráðherra til Alþingis um starfsemi ríkisfyrirtækja árið 1985.

(Lögð fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

Starfsemi ríkisfyrirtækja, stofnana, hlutafélaga með ríkisaðild og sjóða, er tilheyra starfssviði iðnaðarráðuneytisins. Um árið 1985.

HITAVEITA SUÐURNESJA

Hitaveita Suðurnesja var stofnuð með lögum nr. 100 frá 31. desember 1974. Á þeim hafa síðan verið gerðar breytingar og viðbætur með lögum nr. 26 frá 9. maí 1980, nr. 91 frá 29. maí 1984 og nr. 101 frá 31. desember 1985. Helstu breytingar í lögum nr. 101 frá 1985 frá eldri lögum eru þessar:

1. Eignarhluti breytist þannig, að hluti ríkissjóðs Íslands lækkar úr 40% í 20% en hin 80% skiptast milli sveitarfélaganna í hlutfalli við íbúafjölda þann 1. desember 1984.
2. Stjórn fyrirtækisins verður skipuð 9 mönnum í stað 5 áður. Hvert sveitarfélag tilnefnir einn fulltrúa og iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra skipa einn fulltrúa hvor. Kjörtímabil stjórnarmanna verður 4 ár og hefst 1. ágúst næstan eftir almennar sveitarstjórnarkosningar, nema fulltrúa ríkisins sem skipaðir verða til eins árs í senn og taka sæti á aðalfundi. Við afgreiðslu mála skal að jafnaði viðhafa hlutfallslega atkvæðagreiðslu miðað við eignarhlutfall, enda komi fram ósk að minnsta kosti eins stjórnarmanns þar um, og þarf þá 60% atkvæða til að mál teljist samþykkt.
3. Hitaveita Suðurnesja verður undanþegin álagningu hvers konar gjalda til sveitarsjóða á starfssvæði sínu.

Þegar hitaveitan og rafveiturnar höfðu verið sameinaðar var gefin út reglugerð til bráðabirgða þar sem kveðið er á um að eldri reglugerðir rafveitnanna á svæðinu gildi til bráðabirgða. Unnið er að gerð nýrrar reglugerðar fyrir hitaveituna í ljósi þeirra stórfelldu breytinga sem orðið hafa á rekstri hennar á árinu.

Rekstur Hitaveitu Suðurnesja 1985

Dreifikerfi Hitaveitu Suðurnesja nær nú til allra sveitarfélaga á Suðurnesjum auk Keflavíkurflugvallar. Einfalt dreifikerfi er í öllum sveitarfélögunum, en á svæði Keflavíkurflugvallar er tvöfalt lokað dreifikerfi, þ.e. vatnið kemur aftur til endurnýtingar.

Heildarvatnsmagn er selt var í lok ársins nam 28.062 litrum á mínútu, og keypti Keflavíkurflugvöllur u.þ.b. 53,3%. Búist er við um 2% söluaukningu næstu árin, aðallega vegna fólksfjölgunar á svæðinu. Þá voru seld um mæla 154.022 tonn auk 97.872 tonna til laxeldis.

Helstu framkvæmdir:

Kaldavatnsöflun, loftræstikerfi o.fl. í orkuveri	3,0 m.kr.
Undirbúningur og hönnun 15 MW virkjunar í Eldvörpum	2,1 "
Dreifikerfi o.fl. fyrir hitaveitu	8,7 "
Rafveitukerfi, gatnalýsing	11,6 "
Húsakaup v/skrifstofu, verkstæðis og birgða-geymslu og tilheyrandi	14,8 "
Tölvumiðstöð með tilheyrandi	5,0 "
	<u>45,2 m.kr.</u>

Ýmislegar birgðavörur, áhöld o.fl. frá rafveitum sveitarfélaganna	17,8 "
	<u>63,0 m.kr.</u>

Þau merku tímamót áttu sér stað á árinu, að í fyrsta sinn frá stofnun fyrirtækisins varð hagnaður af rekstri þess. Hagnaðurinn varð 85,7 millj. kr. og rann til jöfnunar á tapi fyrri ára sem samtals nemur, á verðlagi ársins 1985, 837,4 millj. kr. Meginástæða þessarar breyttu þróunar er sú, að þróun verðlags var á árinu mjög hagstæð þannig að skuldir, sem bundnar eru gengi erlendra mynta, hækkðu til muna minna en innlent verðlag.

Á árinu var gjaldfærður gengisjöfnunarreikningur að upphæð 376,5 millj. kr. og afskriftir voru samtals 129 millj. kr. og hafa þá verið afskrifaðar samtals 769,5 millj. kr. eða 25,57% bókfærðs heildarverðs í árslok.

Staða skv. rekstrarreikningi og efnahagsreikningi í árslok:

	1985 (í þús.kr.)	1984 (í þús.kr.)	1983 (í þús.kr.)
Rekstrartekjur	539.073	279.289	205.708
Rekstrargjöld	(308.919)	(142.481)	(110.156)
Fjármagnsgjöld (nettó)	(144.458)	(211.260)	(192.991)
Hagnaður (tap)	85.696	(74.452)	(97.439)
Eignir	2.467.691	1.907.257	1.472.093
Skuldir	(2.063.497)	(1.834.669)	(1.349.630)
Eigið fé	404.194	72.588	122.463

Starfslið hitaveitunnar í árslok 1985 var 61 maður og hafði fjölgað um 24 á árinu, aðallega vegna sameiningar rafveitnanna og hitaveitunnar.

Rekstrarhorfur fyrir árið 1986:

Gert er ráð fyrir nokkrum rekstrarhagnaði á árinu en vegna stóraukinna afborgana af lánum (úr 46 m.kr. í 152 m.kr.)

getur greiðslustaðan orðið erfið, því ekki verður um neinar lántökur að ræða á árinu. Á árunum 1987-1992 verða afborganir af lánum síðan u.þ.b. 250 m.kr. á ári og verða sérstaklega árin 1987-9 erfið.

Framkvæmdir á árinu 1986 verða u.þ.b. 150 m.kr., þar af u.þ.b. 70 m.kr. í raforkukerfum og u.þ.b. 20 m.kr. í öðrum framkvæmdum tengdum sameiningunni.

Með sameiningunni næst umtalsverð aukin hagkvæmni í rekstri eins orkufyrirtækis á Suðurnesjum frá því sem var í rekstri 7 fyrirtækja áður.

Má þar helst nefna eftirfarandi:

1. Sameiginleg raforkukaup með einum samtímamældum afltoppi.
2. Minni vörulager og samræmd innkaup.
3. Betri nýting vinnuafls með stærri framkvæmdaáföngum.
4. Ein yfirstjórn getur milliliðalaust framkvæmt samræmdar sparnaðaraðgerðir í orkumálum á Suðurnesjum.
5. Hitaveitan getur sjálf framleitt rafmagn að vissu marki inn á dreifikerfi rafveitunnar.
6. Tölvuvæðing hitaveitu nýtist rafveitunni að fullu og sparar þar með aukafjárfestingu.
7. Húsnæði og bílar hitaveitu nýtast jafnframt rafveitunni.
8. Sömu aðilar annast innheimtu rafmagns- og hitaveituvatnsgjalds, enda eru í mörgum tilvikum sömu skuldunautarnir.

Stjórn

Ný stjórn Hitaveitu Suðurnesja tók við störfum á aðalfundi 29. mars 1985 og var hún þannig skipuð:

Formaður: Steinþór Júlíusson, fulltrúi Keflavíkurbæjar.
Varaformaður: Ólafur G. Einarsson, fulltrúi Fjármálaráðuneytisins.
Ritari: Finnbogi Björnsson, fulltrúi Gerðahrepps.
Meðstjórnendur: Albert Karl Sanders, fulltrúi Njaróvíkurbæjar, og Jóhann Einvarðsson, fulltrúi Iónaðarráðuneytisins.

Eftir sameiningu rafveitnanna og hitaveitunnar fengu síðan fulltrúar þeirra sveitarfélaga, sem ekki áttu mann í stjórn, rétt til fundarsetu með tillögurétti og málfrelsi, þeir voru:

Frá Grindavík: Jón Gunnar Stefánsson, bæjarstjóri
Frá Miðneshrepp: Jón K. Ólafsson, sveitarstjóri

Frá Vatnsleysustr.hr.: Kristján Einarsson, sveitar-
stjóri
Frá Hafnahrepp: Þórarinn St. Sigurðsson, sveitarstjóri

Í samræmi við lög nr. 101 frá 31. desember 1985 var síðan formlega fjölgað í stjórninni úr 5 í 9 og sátu áfram þeir sömu og að ofan greinir nema að frá Miðneshrepp kom Elsa Kristjánsdóttir oddviti. Þessi stjórn sat síðan til 1. ágúst 1986.

Eftirtaldir menn veita nú fyrirtækinu forstöðu:

Forstjóri: Ingólfur Aðalsteinsson
Framkvæmdastj. fjármálasviðs: Júlíus Jónsson
Framkvæmdastj. tæknisviðs: Albert Albertsson.

ÍSLENSKA JÄRNBLENDIFÉLAGIÐ HF.

Félagið er hlutafélag og starfar skv. lögum nr. 18 11. maí 1977, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, sbr. lög nr. 45 11. maí 1982 og lög nr. 95 28. maí 1984, um breytingu á þeim lögum. Íslenska ríkið hefur frá öndverðu átt 55% hlutfjárins, en aðrir eigendur eru Elkem a/s í Osló með 30% eignarhlut og Sumitomo Corporation í Tokyo með 15%. Félagið var stofnsett hinn 28. apríl 1975 "til framleiðslu á kísiljární og hafi með höndum þá framleiðslu og tengdan atvinnurekstur" eins og segir í lögnum.

Framleiðslan er blendi af kísil (silisium, silicon) og jární, þar sem hlutfall kísils getur verið mismunandi. Framleiðslan frá Grundartanga hefur um 75% kísilinnihald. Þetta efni er íblöndunarefni á lokastigi stálframleiðslu, en einnig er það notað við járnsteypu og lítillega til efnaíðnaðar.

Félagið starfar undir forystu sjö manna stjórnar, sem kosin er á aðalfundi til eins árs í senn. Iðnaðarráðherra tilnefnir fjóra stjórnarmenn og úr þeirra hópi stjórnarformann, en Elkem tilnefnir tvo og Sumitomo Corp. einn.

Reksturinn 1985

Á árinu hallaði undan fæti í rekstrinum samanborið við góða afkomu ársins 1984. Framleiðslumagn varð að vísu svipað og áður eða 60.328 tonn, en salan dróst stórlega saman, í 54.504 tonn, - 14% frá fyrra ári.

Í stað 132,2 m.kr. hagnaðar 1984 varð 8,2 m.kr. tap eftir að reiknaðar höfðu verið 242,2 m.kr. í afskriftir og 29,1 m.kr. nettó í fjármagnsgjöld að frádregnum tekjum vegna verðlagsbreytinga.

Sölutekjur félagsins voru 1.219,1 m.kr., svo að hallinn á rekstrinum varð 0,67% af veltu.

Starfsmannafjöldi var að meðaltali 197 manns, 11 fleiri en 1983.

Helstu tölur úr ársreikningum félagsins eru þessar í millj. króna:

	1985 <u>m.kr.</u>	1984 <u>m.kr.</u>	1983 <u>m.kr.</u>
Rekstrartekjur	1.137,8	1.119,9	588,2
Rekstrargjöld	(1.116,9)	(873,0)	(588,9)
Nettó fjármagns- tekjur (gjöld)	(29,1)	(114,7)	(112,8)
Hagnaður (Tap)	(8,2)	132,2	(113,5)
Eignir	3.065,2	2.345,7	1.842,8
Skuldir	(1.706,1)	(1.525,8)	(2.158,2)
Eigið fé	1.359,1	819,9	(315,4)

Enn er yfirframboð á heimsmarkaði fyrir kísiljárn, sem þegar á árinu 1985 lækkaði verð stórlega. Stálframleiðsla, sem kísiljárnmarkaður byggist á að verulegu leyti, fer nú einnig minnkandi og því má búast við þröngum hag framleiðenda í þessari grein um hríð. Eftir fjárhagslega endurskipulagningu í lok árs 1984 er samkeppnishæfni verksmiðjunnar hins vegar slík, að afkoma hennar er síst lakari en sams konar verksmiðja í nágrannalöndunum.

Stjórn

Stjórnarmenn tilnefndir af iðnaðarráðherra á aðalfundi í apríl 1985 eru Barði Friðriksson, hrl., formaður, Páll Bergþórsson, veðurfræðingur, varaformaður, Guðmundur Guðmundsson, framkvæmdastjóri, og Helgi G. Þórðarson, verkfræðingur. Elkem a/s tilnefndi tvo stjórnarmenn, Frank Myhre og Per Kistian Björgum, og Sumitomo Corporation einn, Kiyotomo Sakuma. Framkvæmdastjóri félagsins er Jón Sigurðsson.

JARÐBORANIR RÍKISINS

Jarðboranir ríkisins voru stofnaðar 1945 og var fyrirtækið framan af rekið sem deild innan embættis raforkumálastjóra eða allt til ársins 1967 þegar orkulögum var breytt.

Árið 1958 var Gufubor ríkisins og Reykjavíkurborgar keyptur samkvæmt sérstökum sameignarsamningi þessara aðila um jafna eignaraðild og jafnframt var skipuð sérstök borstjórn. Hún gerði síðan samning við Jarðboranir ríkisins um rekstur borsins.

Í orkulögum nr. 58/1967 er kveðið á um, að Jarðboranir ríkisins skuli reknar sem fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki, og er iðnaðarráðherra heimilt að fela Orkustofnun eða öðrum aðila, ef hann telur betur henta, að annast reksturinn. Iðnaðarráðherra skipar framkvæmdastjóra, sem er ábyrgur fyrir rekstri beggja fyrirtækjanna undir yfirstjórn stjórnar gufuborsins og orkumálastjóra.

Borgarstjórinn í Reykjavík og iðnaðarráðherra undirrituðu 8. maí 1985 samning milli ríkisstjórnar Íslands og borgarstjórnar Reykjavíkur um sameiningu Gufubors ríkisins og Reykjavíkurborgar og Jarðborana ríkisins í hlutafélagi. Samningur þessi var staðfestur með lögum nr. 107/1985. Hlutafélagið "Jarðboranir hf." var stofnað 7. febrúar 1986.

Rekstur 1985

Á árinu 1985 voru starfræktir fimm snúningsborar, þrjár höggborar og fimm kjarnaborar auk ýmissa tækja tengdra borunum. Mikið var unnið að þjálfun starfsmanna og útvegum tækja vegna þróunar nýrrar bortækni við loftboranir.

Boranir á árinu skiptust þannig:

a) heitt vatn fyrir hitaveitur	6	holur
b) gufa á háhitasvæðum	7	"
c) heitt vatn til fiskeldis	4	"
d) ferskt vatn og sjór til fiskeldis	6	"
e) heitt vatn fyrir bændur	6	"
f) kalt vatn fyrir sveitarfélög	12	"
g) hreinsun á háhitaholum	18	"
h) rannsóknarborun vegna jarðhita	4	"
i) rannsóknarborun vegna mannvirkjagerðar	19	"

Helstu viðskiptavinir Jarðborana voru hitaveitur, sveitarfélög, fiskeldifélög, bændur og aðrir einstaklingar, verksmíðjur og raforkuver. Miðað við árið 1984 varð 16% aukning á umfangi verkefna á árinu 1985 og gætir þar mest borana á Nesjavöllum. Hagnaður af rekstrinum var 11% af tekjum og er það svipað hlutfall og árið 1984.

Fastráðnir starfsmenn við stjórnun voru 9 á árinu, 6 menn unnu að staðaldri í áhaldahúsunum við birgða- og tækjavörslu og viðhald bora og tækja. Í áhöfn boranna voru 66 menn, þegar flestir voru. Heildarvinnustundafjöldi á árinu var 190.400 klst., hjá fastráðnum mánaðarkaupsmönnum samkvæmt kjarasamningum ríkisstarfsmanna 25.700 klst., og hjá öðrum starfsmönnum 164.700 klst. Seldar vinnustundir í borverkum voru 116.200 klst. Heildarlaunagreiðslur voru 46,9 m.kr.

Samkvæmt lögum nr. 107/1985 voru Jarðboranir ríkisins lagðar niður í árslok 1985 og lýkur þar 40 ára viðburðaríkum starfsferli fyrirtækisins. Jarðboranir hf., til helminga eign ríkissjóðs og Reykjavíkur, taka við öllum rekstri, sem Jarðboranir ríkisins áður höfðu.

Í stórum dráttum er samningur ríkisins og Reykjavíkur um stofnun Jarðborana hf. fólgin í því, að eignaraðild aðilanna er jöfn. Hvor um sig leggur til sinn helming í Gufubor ríkisins og Reykjavíkurborgar og ríkið leggur til allar eignir Jarðborana ríkisins að undanskilinni húseign í Kópavogi.

Jarðboranir greiða til ríkisins 85,7 m.kr., þar af 44,5 m.kr. í peningum árið 1986 og 41,2 m.kr. með tíu ára skuldabréfi. Reykjavíkurborg greiðir til Jarðborana hf. 60,2 m.kr., þar af 22,8 m.kr. í peningum 1986 og 22,8 m.kr. í peningum 1987 og 14,6 m.kr. með skuldabréfi til tíu ára.

Niðurstöður rekstrar Jarðborana ríkisins (JBR) og Gufubors ríkisins og Reykjavíkurborgar (GRR) eru:

	JBR þús.kr.		GRR þús.kr.	
	1985	1984	1985	1984
Rekstrartekjur	155.250	71.604	25.889	36.691
Rekstrargjöld	(87.658)	(47.241)	(22.510)	(23.626)
Afskriftir	(35.575)	(16.986)	(15.347)	(7.629)
Hagnaður (tap)	32.017	7.377	(11.968)	5.436

* Verðbreytingarfærsla hefur ekki verið reiknuð.

* Hagnaður (tap) án fjármagnsliða.

Framkvæmdastjóri Jarðborana ríkisins var Karl Ragnars verkfr. og hefur hann tekið við framkvæmdastjórn Jarðborana hf.

JARÐBORANIR RÍKISINS - EFTIRMÆLI

Um síðustu áramót setti Alþingi Íslendinga lög um að Jarðboranir ríkisins hættu starfsemi, en við tæki hluta-félag, sem ríkið og Reykjavíkurborg stofnuðu og kallaðist

Jarðboranir hf. Venjulega er við það miðað, að Jarðboranir ríkisins hafi verið stofnaðar 18. apríl 1945, þegar Áki Jakobsson, þáverandi atvinnumálaráðherra, gaf út erindisbréf þar sem Rafmagnseftirliti ríkisins var falið að taka við rekstri þriggja jarðbora, sem Rannsóknaráð ríkisins hafði áður haft með höndum. Fljótlega eftir þessa ráðstöfun fékk fyrirtækið nafnið Jarðboranir ríkisins og segja menn sem unnu við boranir á þessum tíma að fram eftir sumri 1945 hafi verið talað um að unnið væri hjá "eftirlitinu" en þegar kom fram á haust sögðust menn vinna hjá Jarðborunum. Rafmagnseftirlitið er forveri Raforkumálaskrifstofunnar og Orkustofnunar en þessar stofnanir hafa allan tímann haft yfirumsjón með rekstri Jarðborana.

Á þessum tíma átti ríkið þrjá bora, einn haglabor frá Alfred Wirth í Þýskalandi og tvo kjarnabora frá Sullivan í Bandaríkjunum. Strax á fyrsta starfsári Jarðborana ríkisins bættust í hópin nýr Sullivanbor, kallaður Sullivan II, og tveir höggborar, nefndir Höggbor I og II. Ári síðar var Sullivan III tekinn í notkun, en næsta tæki þar á eftir er stór bor af Cardwellgerð. Þann bor átti að vera hægt að nota bæði sem höggbor og snúningsbor en hann var í raun aldrei notaður til neinna borana. Árið 1953 er keyptur nýr höggbor, Höggbor III, og er hann enn í notkun. Það hafði lengi verið markmið að bora 1000 metra djúpa holu og segja má að þáttaskil hafi orðið í borunum árið 1958 þegar Gufuborinn var keyptur til landsins. Fljótlega eftir að hann kom var bæði 1000 metra og 2000 metra metið slegið. Næsti bor var af Franksgerð fenginn 1960 og því næst Mayhew 1000 árið 1961. Báðir þessir borar komu frá Sörlunefnd varnarliðseigna. Árið 1962 er keyptur stór snúningsbor frá Svíþjóð af gerðinni Craelius B-4. Þessi bor var nefndur Norðurlandsborinn en 1966 er honum breytt og nýr bor búinn til úr Cardwellbornum frá 1947 og Craelius B-4 bornum. Var sá bor nefndur Norðurbor. Í lok sjöunda áratugarsins voru keyptir tveir nýir Craelius kjarnaborar frá Svíþjóð og fjórir notaðir borar frá Englandi, tveir Sullivanar og tveir Boyles Brothers. Snemma á áttunda áratugnum bættust höggborar V og VI í hópin og Wabco, sem kallaður er Glaumur, var keyptur 1971. Jötunn kom árið 1975 og Narfi ári síðar.

Alls hafa Jarðboranir ríkisins eignast um 30 bora af ýmsum stærðum frá handbor til Jötuns, sem hægt er að bora með niður í 3600 metra dýpi. Jötunn boraði dýpstu holu landsins, 3085 m djúpa, á gamla Framvellinum við Skipholt í Reykjavík.

Alls hafa verið boraðir um 380 þúsund metrar á vegum Jarðborana ríkisins og að auki verið boraðir um 191 þúsund metrar með Gufubor ríkisins og Reykjavíkurborgar, sem Jarðboranir ríkisins hafa séð um rekstur á frá því boranir hófust með Gufubornum árið 1958.

Ekki fer hjá því að í 40 ára sögu jarðborana á Íslandi hafi ýmislegt drifið á dagana. Skiptast þar á skin og skúrir, eins og í mannlífinu. Menn þeir sem að þessu hafa starfað hafa orðið fyrir sárum vonbrigðum með árangur, en líka lifað sínar stóru stundir, þegar árangur fór fram úr þjörtustu vonum. Fjöldi starfsmanna vann hjá fyrirtækinu á þeim mannsaldri, sem það lifði, og eru nokkrir enn í starfi, sem hafa unnið hjá því frá upphafi, með hléum þó. Helst er þar að nefna Rögnvald Finnbogason og Guðmund Sigurósson og má með sanni segja að þeir hafi gert borlistina að sínu ævi-starfi. Fleiri, sem enn eru í starfi, réðust til fyrirtækisins í kjölfar þeirra tvímenninganna og er alveg óhætt að fullyrða að allt hefur þetta fólk getið sér góðan orðstír.

JARÐVARMVEITUR RÍKISINS

Uppruna Jarðvarmaveitna ríkisins (JVR) er að rekja til laga um kísilgúrverksmiðju við Mývatn nr. 80/1966, en þar segir m.a. að ríkisstjórninni sé heimilt "að nýta jarðhitasvæðið við Námaskarð í þágu hitaveitu er ríkisstjórnin lætur reisa og reka og m.a. skal gegna því hlutverki að selja kísilgúrverksmiðjunni jarðhita til reksturs síns".

Með bréfi, dags 26. september 1967, fól iðnaðarráðherra Orkustofnun á grundvelli fyrrgreindra laga að annast byggingu og rekstur jarðhitaveitunnar.

Í lögum um Þörungavinnsluna h.f. á Reykhólum nr. 107 frá 27. desember 1973 er að finna hliðstætt ákvæði um að ríkið taki að sér að sjá þeirri verksmiðju fyrir heitu vatni frá jarðhitasvæði í eigu ríkisins á Reykhólum. Þetta hlutverk fól ráðuneytið Orkustofnun einnig að annast.

Sú starfsemi, sem Iðnaðarráðuneytið fól Orkustofnun að annast í Bjarnarflagi og á Reykhólum, gengur undir nafninu Jarðvarmaveitur ríkisins, sem eru B-hluta fyrirtæki á fjárlögum. Orkustofnun annast rekstur fyrirtækisins, sem hefur sjálft enga starfsmenn heldur kaupir alla þjónustu af Jarðhitadeild Orkustofnunar og öðrum aðilum.

Starfsemin á Reykhólum var frá upphafi lítil að umfangi, borið saman við þá í Bjarnarflagi, og mun einfaldari á allan hátt (lághitavatn á Reykhólum; háhitagufa í Bjarnarflagi). Jarðvarmaveiturnar hafa því fyrir nokkrum árum gert samkomulag við Þörungavinnsluna um að annast rekstur hitavatsveitunnar til verksmiðjunnar á eigin kostnað, og fær verksmiðjan heita vatnið fyrir verð sem samsvarar þeim kostnaði.

Meginverkefni Jarðvarmaveitna ríkisins er því framkvæmd ákvæðis í samningi milli ríkisstjórnar Íslands og Kísiliðjunnar h.f. um sölu jarðgufu til kísilgúrvinnslu. Í þessu skyni á fyrirtækið borholur í Bjarnarflagi á Námafjallssvæði og rekur þar gufuveitu. Jarðvarmaveitur ríkisins hafa einnig selt gufu til gufuaflostöðvar Landsvirkjunar í Bjarnarflagi. Auk þess annast Jarðvarmaveitur ríkisins varma- og vatnsöflun fyrir Hitaveitu Reykjahlíðar og Vogu, í samræmi við samning ríkisins við landeigendur jarðanna Reykjahlíðar og Vogu.

Rekstur

Jarðvarmaveiturnar seldu Kísiliðjunni 302 þús. tonn af gufu á árinu og er það mesta sala á einu ári. 230 þús. tonn voru seld á meðaleiningarverðinu 32,31 kr/tonn en afgangurinn með 25% afslætti skv. ákvæðum í sölusamningi, þannig að meðal-

verðið miðað við heilúsölu var 31,08 kr/tonn.

Heildartekjur af gufusölu til Kísiliðjunnar námu 9,4 Mkr. og nýtanlegur varmi 168 GWh, þannig að meðalverð varmans var 5,60 aurar á kWh á árinu 1985.

Engin gufusala var til Landsvirkjunar á árinu 1985 en fyrri samningur við Laxárvirkjun rann út um mitt ár 1984. Samningaviðræður Jarðvarmaveitna ríkisins og Landsvirkjunar um áframhaldandi gufusölu til Gufustöðvarinnar í Bjarnarflagi (3 MW) snemma á árinu 1985 báru ekki árangur. Með lögum nr. 102 frá 31. desember 1985 var hins vegar samþykkt heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Kröflu-
virkjun í Suður-Þingeyjarsýslu. Í þeim lögum er ríkis-
stjórninni ennfremur heimilað "að selja til Landsvirkjunar eignir Jarðvarmaveitna ríkisins við Bjarnarflag og Námaskarð ásamt rétti til virkjunar og hagnýtingar jarðhitaorku á því svæði ...".

Á árinu 1985 sáu Jarðvarmaveitur ríkisins um framkvæmdir á vegum Iðnaðarráðuneytisins við endurbyggingu Hitaveitu Reykjahlíðar og Voga við Mývatn. Lokið var við lagnir og byggingar, þ.e. hús fyrir varmaskiptistöð ásamt utanhúss frágangi. Á árinu 1986 verður framkvæmd að fullu lokið.

Rekstur gufuveitunnar í Bjarnarflagi hefur gengið mjög vel á undanförunum árum. Hallann á rekstri Jarðvarmaveitna ríkisins má einfaldlega rekja til skemmda á mannvirkjum þeirra í Bjarnarflagi af völdum eldsumbrota. Í umbrotum eyðilögðust allar borholur gufuveitunnar og varð að bora tvær nýjar holur. Til þeirra framkvæmda voru tekin lán sem fyrirtækinu hefur verið ókleift að standa skil á þar sem engar tjónbætur hafa komið til.

Fyrirtækið hefur að fullu staðið við lánaskuldbindingar vegna allra annarra framkvæmda frá upphafi og lýkur öllum greiðslum af þeim lánum á árinu 1986.

Staða skv. rekstrar- og efnahagsreikningi í árslok:

	1985 þús.kr.	1984 þús.kr.	1983 þús.kr.
Rekstrartekjur	11.124	11.763	10.982
Rekstrargjöld	(3.172)	(3.194)	(4.677)
Fjármagnsgjöld	(9.854)	(11.374)	(10.504)
Hagnaður (tap)	(1.902)	(2.805)	(4.199)
Eignir	78.157	69.199	63.379
Skuldir	(159.253)	(134.237)	(111.047)
Eigið fé (neikvætt)	(81.096)	(65.038)	(47.668)

KÍSILIÐJAN H.F. VIÐ MÝVATN

Kísiliðjan h.f. starfar samkvæmt lögum nr. 80/1966 ásamt síðari breytingum.

Eignarhlutdeild í Kísiliðjunni er nú þannig:

Ríkissjóður	59,8%
Manville International	39,8%
Aðrir (sveitarfélög norðanlands)	0,4%

Á árinu 1982 var sameignarsamningurinn við Manville International framlengdur frá 13. ágúst 1986 til 13. ágúst 1996.

Alþingi kýs fulltrúa ríkisins í stjórn Kísiliðjunnar h.f., þ.e. 3 af 5 stjórnarmönnum, en Manville International tilnefnir tvo stjórnarmenn.

Á fundi sameinaðs Alþingis 14. mars 1983 voru kjörnir þrjú fulltrúar ríkisins og jafnmargir varamenn í stjórn Kísiliðjunnar h.f. til fjögurra ára, frá 20. apríl 1983 til jafnlengdar 1987. Stjórnarmenn ríkisins eru nú Sigurður R. Ragnarsson, vélavörður, formaður, Jón Illugason, bóndi, og Björn Jósep Arnviðarson, lögfræðingur.

Vegna sölu kísilafurðanna hefur hinn erlendi samstarfsaðili stofnað sölufélagið Manville h.f. á Húsavík. Iðnaðarráðherra skipar einn fulltrúa í stjórn þessa félags.

Framleiðsla og sala

Framleiðslan gekk mjög vel á árinu 1985. Framleidd voru 29.388 tonn af fullunnum kísilgúr, sem er framleiðslumet. Áður hafði mest verið framleitt á árinu 1984, 27.265 tonn.

Markaðsaðstæður fyrir kísilgúr í Evrópu voru góðar á árinu 1985. Útflutningur var á árinu meiri en nokkru sinni eða 27.693 tonn. Innanlands voru seld 28 tonn.

Rekstur

Rekstrarafkoma Kísiliðjunnar h.f. var góð á árinu 1985. Rekstrartekjur að frádregnum útflutningskostnaði námu 218,8 millj. kr. Hagnaður ársins nam 23,5 millj. kr. Rekstrar- niðurstaðan felur í sér 17,9 millj. kr. afskriftir og 5,8 millj. kr. nettó fjármagnskostnað. Þar af eru 3,6 millj. kr. reiknuð gjaldfærsla vegna verðbreytinga.

Ástæður betri afkomu félagsins eru fyrst og fremst góðar markaðsaðstæður. Þannig var mögulegt að stefna að hámarksframleiðslu með þeirri hagkvæmni, sem því fylgir.

Gengisþróun á síðari hluta ársins var félaginu einnig hagstæð. Kísiliðjan h.f. selur mestan hluta framleiðslunnar í Evrópumyntum, en þær styrktust mjög á umræddu tímabili.

Fjárfestingar voru nokkrar á árinu. Þar er helst að nefna kaup á vesturþýskum pökkunarvélum. Margt vinnst með vélum. Mannshöndin snertir nú einungis á kísilgúrþokanum við fyllingu. Framleiðslueiningin lítur mun betur út en áður og minna fer fyrir henni. Þannig fæst aukin hagkvæmni í flutningi. Starfsfólki við pökkun fækkar úr 15 í 10. Nokkuð var um endurnýjun á eldri tækjum verksmiðjunnar og umfangsmikil lagfæring fór fram á verksmiðjuhúsi.

Rekstrarfjárstaða Kísiliðjunnar h.f. batnaði enn á árinu 1985. Engin ný lán voru tekin á árinu. Í árslok námu langtímaskuldir félagsins 4,7 millj. kr.

	<u>1985 kr.</u>	<u>1984 kr.</u>	<u>1983 kr.</u>
Rekstrartekjur	359.888.402	247.128.458	183.384.000
Rekstrargjöld	(330.547.360)	(231.842.276)	(176.724.000)
Fjármagnsgjöld	(5.798.129)	(4.733.950)	(6.405.000)
Hagnaður	23.542.913	10.552.232	255.000
Eignir	281.580.449	209.950.126	170.695.000
Skuldir	(30.340.606)	(33.136.555)	(39.581.000)
Eigið fé	251.239.843	176.813.571	131.114.000

Stjórn og starfslið

Í júní urðu framkvæmdastjóraskipti hjá Kísiliðjunni h.f. Hákon Björnsson, sem verið hafði framkvæmdarstjóri í rúm sex ár, lét þá af störfum. Við starfi framkvæmdastjóra tók Róbert B. Agnarsson, viðskiptafræðingur, fyrrum skrifstofustjóri Kísiliðjunnar h.f. Við starfi skrifstofustjóra tók Steinar Sigurósson, viðskiptafræðingur.

Engar breytingar urðu á stjórn félagsins á árinu.

Störfum fækkaði um sjö á árinu. Vegna breytinga á fyrirkomulagi flutninga kísilgúrs frá verksmiðjunni í Mývatnssveit til Húsavíkur fækkaði starfsmönnum um tvo. Lagt var niður starf skemmustjóra á Húsavík. Vegna tilkomu pökkunarvéla fækkaði starfsmönnum við pökkun kísilgúrs um fimm. Í ársbyrjun hófst starfsemi mótuneytis í verksmiðjunni og þar skipta tveir starfsmenn með sér einu starfi.

Fjöldi fastráðinna starfsmanna eftir þessar breytingar er 63 yfir vetrarmánuðina og 70 á þeim tíma sem dæling hráefnis úr Mývatni stendur yfir. Tryggingarskyldar vinnuvíkur starfsmanna félagsins svara til þess að meðalfjöldi starfsmanna væri 73.

Heildarfjárhæð launa til starfsmanna og stjórnar á árinu var 43,6 millj. kr.

Önnur mál

Þann 30. janúar 1985 gaf iðnaðarráðherra út leyfi til handa Kísiliðjunni h.f. til að stunda námuvinnslu á Mývatni í 15 ár frá 13. ágúst 1986 að telja. Leyfisveiting til 15 ára styrkir mjög stöðu Kísiliðjunnar h.f. þrátt fyrir takmarkanir leyfisins.

Í námuleyfinu er kveðið á um skipan fjögurra manna nefndar, Verkefnisstjórnar Mývatnsrannsókna, til að hafa umsjón með rannsóknum á áhrifum námurekstrarins á lífríki Mývatnsvæðisins. Vegna lagalegra deilna tilnefndi Náttúruverndarráð ekki í fyrstu fulltrúa sinn í Verkefnisstjórnina. Með útgáfu tveggja viðauka við námuleyfið, þann 16. ágúst 1985 og 23. maí 1986, var komið mjög til móts við kröfur Náttúruverndarráðs og deilur jafnaðar. Til fjármögnunar rannsókna var gjald Kísiliðjunnar h.f. vegna kísilgúrtöku tvöfaldað frá 1. júní 1985 að telja. Rannsóknir á vegum Verkefnisstjórnar Mývatnsrannsókna hófust strax í september 1985 undir stjórn formanns nefndarinnar, Péturs M. Jónassonar, vatnalíffræðings.

Skiptar skoðanir hafa verið um áhrif námuvinnslu Kísiliðjunnar h.f. á Mývatni. Eftir 20 ára starfsemi verksmiðjunnar hefur ekkert komið fram, sem rennir stöðum undir fullyrðingar um skaðsemi vinnslunnar fyrir lífríki Mývatns. Kísiliðjan h.f. mun af heilum hug styðja við bakið á rannsóknum, sem færa okkur nær svarinu um tilverurétt verksmiðjunnar.

Í janúar var samið við Jón Gunnarsson á Húsavík um flutning á þriðjung framleiðslu Kísiliðjunnar h.f. frá Mývatnssveit til Húsavíkur. Samningurinn er samhljóða samningi, sem áður var gerður um 2/3 hluta framleiðslunnar við Sniðil h.f. í Mývatnssveit. Þetta fyrirkomulag flutninga hefur reynst mjög vel og verið Kísiliðjunni h.f. til hagsbóta.

Mörg undanfarin ár annaðist Hafskip h.f. sjóflutninga á kísilgúr frá Íslandi til Evrópu. Síðla árs 1985 varð Hafskip h.f. gjaldþrota. Samið var við Eimskipafélag Íslands h.f. um að taka yfir flutningana. Samningurinn við Eimskip tryggir, að allur kísilgúr er nú fluttur út í vöruámum. Áður var gert ráð fyrir að 100% gáma væðing næðist um áramótin 1986-87.

Reksturinn á árinu 1986

Markaðsaðstæður hafa versnað og kemur þar einkum tvennt til. Í fyrsta lagi sterkari samkeppnisaðstaða bandarískra

kisilgúrframleiðenda á Evrópumarkaði vegna falls bandaríkjadals og lágra flutningsgjalda. Í öðru lagi hefur komið til aukin kisilgúrframleiðsla í heiminum, án þess að notkun hafi aukist að sama skapi. Búist er við að framleiðsla og sala verði 15-20% minni en á árinu 1985.

Afkoman fyrstu átta mánuði ársins 1986 hefur þrátt fyrir söluerfiðleika verið viðunandi. Verksmiðjan skilar að öllum líkindum hagnaði á árinu. Kemur þar margt til. Meðalsöluverð hefur verið viðunandi, en fer þó lækkandi. Lækkun hefur orðið á olíu- og rafmagnsverði, auk breytinga sem leitt hafa til aukinnar hagkvæmni í rekstrinum.

KÍSILMÁLMOVINNSLAN H.F.

Verkefnisstjórn, er skipuð var af Iðnaðarráðuneytinu í febrúar 1981 til að annast hagkvæmniathugun og frumhönnun á byggingu og rekstri 25-30 þús. tonna kísilmálmverksmiðju, skilaði lokaskýrslu til ráðuneytisins í mars 1982. Meginniðurstaða verkefnisstjórnarinnar var sú, að hagkvæmt væri að ráðast í byggingu slíkrar verksmiðju á Reyðarfirði. Lagði hún til, að aflað yrði lagaheimildar um stofnun hlutafélags til að annast byggingu og rekstur verksmiðjunnar.

Á grundvelli þessarar skýrslu var lagt fram stjórnarfrumvarp um verksmiðjuna. Í maí 1982 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 70, er heimila ríkisstjórninni að beita sér fyrir stofnun hlutafélags í þessu skyni. Fór stofnun hlutafélagsins, Kísilmálmvinnslunnar h.f., fram á Reyðarfirði í júní 1982. Í ársbyrjun 1983 sendi stjórn félagsins frá sér skýrslu um athuganir, sem henni var falið að gera, samkvæmt 3. gr. laganna. Var það álit stjórnarinnar, að stefna bæri að gangsetningu verksmiðjunnar á tímabilinu 1986-88 og miða allan undirbúning við að fyrsti ofn hennar yrði gangsettur 1986. Ríkisstjórnin lagði fram í febrúar 1983 þingsályktunartillögu, þar sem lagt var til að Alþingi samþykkti skýrslu stjórnar Kísilmálmvinnslunnar h.f. Tillagan hlaut ekki afgreiðslu á þinginu.

Í maí 1983 var gerður samningur við vestur-þýska fyrirtækið Mannesmann Demag, sem tryggir verksmiðjunni allan helsta véla- og rafbúnað á hagstæðu verði. Samningurinn var undirritaður með fyrirvara um samþykkt Alþingis á niðurstöðum skýrslu stjórnar Kísilmálmvinnslunnar h.f. frá því í janúar 1983 og ákvörðun ríkisstjórnar Íslands um aukningu hlutfjár félagsins. Forhönnun verksmiðjunnar var lokið í mars 1984. Stærð og gerð allra helstu bygginga verksmiðjunnar hefur verið ákveðin og þeim valinn staður á lóð verksmiðjunnar á Mjóeyri við Reyðarfjörð. Gerð, afkastageta og fyrirkomulag allra véla og tækja verksmiðjunnar hefur einnig verið ákveðið. Á grundvelli forhönnunar miðað við aðstæður á verksmiðjusvæðinu hefur stofnkostnaðaráætlun fyrir byggingu verksmiðjunnar verið endurskoðuð. Heildarkostnaður verksmiðjunnar var á verðlagi í janúar 1985 áætlaður 2.366.000.000 kr. (58 millj. \$), þar af er undirbúnings- og gangsetningarkostnaður áætlaður 142.000.000 kr. (3,5 millj. \$), en byggingarkostnaður 2.224.000.000 kr. (54,5 millj. \$). Heildarframkvæmdatími frá upphafi verks til gangsetningar fyrri ofns er áætlaður 28 mánuðir, en síðari ofn yrði gangsettur 6 mánuðum síðar.

Í maí 1983 ákvað iðnaðarráðherra, Sverrir Hermannsson, að eitt af verkefnum Stóriðjunefndar yrði að leita eftir nýjum eignaraðilum að Kísilmálmvinnslunni h.f. á Reyðarfirði. Var þess farið á leit við Geir H. Haarde og Axel Gíslason,

fulltrúa í stjórn Kísilmálmvinnslunnar, og Geir A. Gunnlaugsson, framkvæmdastjóra, að þeir störfuðu með undirnefnd Stóriðjunefndar, þeim Birgi Ísleifi Gunnarssyni og Guðmundi G. Þórarinssyni, að því máli. Síðari hluta árs 1983 voru áætlanir um byggingu verksmiðjunnar kynntar fjölmörgum fyrirtækjum og aðilum í Evrópu, Ameríku og Japan. Fyrri hluta árs 1984 var farið til viðræðna við þau fyrirtæki, er óskað höfðu frekari upplýsinga. Þá hafa komið hingað til lands fulltrúar nokkurra fyrirtækja til frekari viðræðna og til þess að kynna sér aðstæður.

Í maí 1984 veitti Alþingi ríkisstjórninni heimild til að taka ákvörðun um að reisa og reka kísilmálmverksmiðju við Reyðarfjörð og leita samvinnu við erlenda aðila um eignaraðild.

Í júní 1984 skipaði iðnaðarráðherra, Sverrir Hermannsson, Birgi Ísleif Gunnarsson og Guðmund G. Þórarinsson úr Stóriðjunefnd, og Geir H. Haarde og Axel Gíslason, samkvæmt tilnefningu stjórnar Kísilmálmvinnslunnar h.f., í viðræðunefnd sem hafi með höndum samningaumleitanir við aðila, er áhuga hafa á eignaraðild að fyrirhugaðri kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði. Ritari nefndarinnar var Geir A. Gunnlaugsson, framkvæmdastjóri Kísilmálmvinnslunnar h.f. Einnig störfuðu með nefndinni Magnús Magnússon, verkfræðingur Kísilmálmvinnslunnar h.f., Baldur Guðlaugsson, lögfræðingur, Garðar Ingvarsson, deildarstjóri hjá Seðlabanka Íslands, og Hermann Sveinbjörnsson, deildarstjóri í Iðnaðarráðuneytinu.

Á árinu 1985 var könnunarviðræðum haldið áfram við nokkur fyrirtæki, er sýnt höfðu málinu áhuga. Í desember s.l. tók breska fyrirtækið RTZ Metals þá ákvörðun að hefja formlegar samningaviðræður við íslensku ríkisstjórnina um þátttöku í byggingu og rekstri verksmiðjunnar.

Í janúar 1986 skipaði Albert Guðmundsson, iðnaðarráðherra, Axel Gíslason, Birgi Ísl. Gunnarsson, Geir H. Haarde, Guðmund G. Þórarinsson og Halldór J. Kristjánsson í nefnd til þess að hafa með höndum samninga af hálfu Íslendinga. Með nefndinni hafa starfað Geir A. Gunnlaugsson, framkvæmdastjóri, og Baldur Guðlaugsson, lögfræðingur.

Nefndin hefur á undanförunum mánuðum átt fjölda funda með fulltrúum RTZ Metals, þar sem fjallað hefur verið um einstaka þætti samninganna. Jafnframt er nú unnið að endanlegu mati aðila á arðsemi verksmiðjunnar. Í því sambandi hefur verið leitað tilboða í byggingu verksmiðjunnar. Gert er ráð fyrir því að niðurstöður samningaviðræðnanna liggi fyrir nú á næstu mánuðum.

Ríkissjóður greiddi 8,2 m.kr. í hlutafjárframlag á árinu 1982, 20 m.kr. 1983, 12,5 m.kr. 1984 og 10 m.kr. 1985.

Stjórn

Alþingi kýs hlutfallskosningu fulltrúa ríkisins í stjórn félagsins til eins árs í senn. Eftirtaldir menn hlutu kosningu á fundi sameinaðs Alþingis í maí 1985:

Geir H. Haarde, hagfræðingur, Sveinn Jónsson, verkfræðingur, Axel Gíslason, framkvæmdastjóri, Theódór Blöndal, tæknifræðingur, Helgi Hálfðánarson, fulltrúi, Hörður Þórhallsson, sveitarstjóri, og Sveinn Þórarinsson, verkfræðingur.

Iónaðarráðherra skipaði Geir H. Haarde formann stjórnar. Framkvæmdastjóri er Geir A. Gunnlaugsson.

LANDSVIRKJUN

Landsvirkjun var stofnuð 1. júlí 1965, samkvæmt lögum nr. 59 frá 11. maí 1965, og áttu ríkissjóður og Reykjavíkurborg sinn helminginn hvor. Í lögnum var ákvæði, sem heimilaði eigendum Laxárvirkjunar að ákveða að Laxárvirkjun sameinaðist Landsvirkjun. Með hliðsjón af þessu ákvað stjórn Laxárvirkjunar að leita eftir heimild eigenda sinna til að athuga möguleikana á sameiningu Laxárvirkjunar við Landsvirkjun. Í framhaldi af því hófust viðræður milli eigenda beggja fyrirtækjanna hér að lútandi og lyktaði þeim með nýjum sameignarsamningi um Landsvirkjun, sem undirritaður var 27. febrúar 1981. Tók samningurinn gildi 1. júlí 1983 og á ríkissjóður frá þeim tíma áfram 50% í Landsvirkjun, en Reykjavíkurborg 44,525% og Akureyrarbær 5,475%.

Alþingi samþykkti ný lög um Landsvirkjun nr. 42 frá 23. mars 1983.

Iðnaðarráðherra staðfesti nýja reglugerð fyrir Landsvirkjun þann 16. nóvember 1983. Er hún nr. 760/1983 og tók gildi 30. nóvember. Í henni er að finna nánari útfærslu og skýringar á lögnum um Landsvirkjun.

Yfirlit 1985

Hinn 1. júlí 1985 voru 20 ár liðin frá stofnun Landsvirkjunar. Í tilefni af því fór fram á árinu viðtæk kynning á starfsemi fyrirtækisins. Voru aflstöðvar Landsvirkjunar opnar almenningi til sýnis í því skyni og gerð kvikmynd um virkjun vatnsaflsins hér á landi, sem sýnd var í sjónvarpi. Alls sóttu um 19.000 manns stöðvar Landsvirkjunar heim og hlutu fræðslu um uppbyggingu og rekstur raforkukerfis fyrirtækisins.

Á fyrstu árunum í starfsemi Landsvirkjunar hefur uppsett afl aukist úr 108 MW í 752 MW og árleg orkuframleiðsla úr 487 GWst 1966 í 3.508 GWst 1984 eða um það bil sjöfaldast.

Árið 1985 var fremur lélegt vatnsár, en þrátt fyrir það reyndist vatnsbúskapurinn Landsvirkjun hagstæður vegna góðrar stöðu miðlana í upphafi ársins.

Rafmagnssala Landsvirkjunar nam alls 3.466 GWst, þar af 1.549 GWst til almenningsrafveitna (44,7%) og 1.917 GWst til stóriðju (55,3%). Rafmagnssala Landsvirkjunar í heild minnkaði um 44 GWst frá árinu áður eða um 1,3%, sem er niðurstaðan af aukinni rafmagnssölu til almenningsrafveitna um 98 GWst (6,7%) og minnkaðrar rafmagnssölu til stóriðju um 142 GWst (6,9%).

Gjaldskrá Landsvirkjunar gagnvart almenningsrafveitunum hækkaði hinn 1. janúar um 14% og var það eina hækkunin á árinu. Hefur gjaldskrárverðið lækkað að raungildi um þriðjung frá því í ágúst 1983, er það var hæst, og til ársloka 1985. Eru horfur á að gjaldskrárverðið haldi áfram að lækka að raungildi á næstu árum.

Meðalverð ársins til almenningsrafveitna hækkaði um 13,6% frá meðalverði árið 1984. Meðalverð til ÍSAL hækkaði um 64,4%, til Áburðarverksmiðjunnar um 60,8% og til Íslenska járnblendifélagssins h.f. um 22,8%. Er hér miðað við verðið í íslenskum krónum að teknu tilliti til gengisbreytinga.

Framkvæmdum við jarðgöng og neðanjarðar stöðvarhús Blöndu-virkjunar miðaði samkvæmt áætlun á árinu og sama máli gegndi um vinnu við botnrás Blöndustíflu. Að undangengnu útboði á fyrra ári á meginhluta véla, rafbúnaðar og mannvirkja úr stáli fyrir virkjunina var hagstæðustu tilboðunum tekið og hlutaðeigandi verksamningar gerðir, þar á meðal við Sumitomo Corporation, Japan, um stærsta verkhlutann, hverfla og rafala.

Í árslok 1984 var hafin endurskoðun á tímasetningum virkjanaframkvæmda Landsvirkjunar, bæði með tilliti til nýrrar orkuspar, þar sem reiknað er með hægari aukningu í almenri orkunotkun en áður, og vegna óvissu um aukningu orkufreks iðnaðar á næstu árum. Lyktaði þessari endurskoðun með því að stjórn Landsvirkjunar ákvað þegar um haustið 1985 að fresta gangsetningu Blönduvirkjunar um eitt ár eða til ársins 1989. Í lánsfjárlögum fyrir árið 1986 var síðan gert ráð fyrir því að gangsetning fyrstu vélar virkjunarinnar færi ekki fram fyrir en 1990, en stjórnin frestaði ákvörðun um endanlega tímasetningu virkjunarinnar þar til í ársbyrjun 1986, er horfur um þróun orkufreks iðnaðar löggu ljósar fyrir. Af framangreindum ástæðum var jafnframt ákveðið að fresta framkvæmdum við síðasta áfanga Kvíslaveitu og stækkun Þórisvatnsmiðlunar um óákveðinn tíma, en lokið var við fjórða áfanga veitunnar samkvæmt áætlun. Ennfremur varð verulegur samdráttur í virkjunarannsóknum Landsvirkjunar.

Á árinu lauk að mestu leyti athugun þeirri sem hófst 1984 á hinum ýmsu þáttum í starfsemi Landsvirkjunar, í þeim tilgangi að auka sparnað og hagræðingu í starfseminni með tilliti til aukinna umsvifa í kjölfar sameiningar Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar og kaupa Landsvirkjunar á byggðalínakerfinu. Fór athugun þessi fram með aðstoð þriggja rekstrarráðgjafa og leiddi til ýmissa úrbóta svo og nokkurra skipulagsbreytinga.

Hinn 26. júlí 1985 var undirritaður samningur milli ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar um kaup fyrirtækisins á Kröfluvirkjun. Var samningur þessi staðfestur með lögum nr. 102 frá 31. desember 1985 og tekur hann gildi 1. janúar 1986. Var talið eðlilegt að Landsvirkjun, sem meginvirkjunarfyrirtæki landsmanna, yfirtæki Kröfluvirkjun til eignar og reksturs, þannig að unnt væri að reka hana á sem hagkvæmasta hátt í samrekstri við aðrar vöskjónir Landsvirkjunar. Mikilvægur liður í samningsgerðinni var að tryggja að kaupin á Kröfluvirkjun yrðu ekki til að draga úr þeirri raunverðslækkun sem fyrirsjáanleg er á rafmagnsverði Landsvirkjunar til almenningsrafveitna á næstu árum.

Afkoma Landsvirkjunar 1985

Rekstrartekjur Landsvirkjunar námu alls um 2.806 milljónum króna og rekstrargjöld alls um 2.552 milljónum króna að meðtöldum orkukaupum frá Kröfluvirkjun og Hitaveitu Suðurnesja að fjárhæð alls um 190 milljónir króna. Vextir og afskriftir voru stærstu gjaldaliðirnir. Samtals námu þessir liðir um 1.910 milljónum króna eða um 75% gjaldanna í heild, sem nemur um 81% þeirra án orkukaupa.

Rekstrarafkoman 1985 var hagstæð um 253 milljónir króna, en var hagstæð um tæpar 22 milljónir króna 1984, hvort tveggja á meðalverðlagi 1985.

Með hliðsjón af hinni hagstæðu afkomu var eigendum Landsvirkjunar greiddur arður, sem nam 6% af framreiknuðum eiginfjárframlögum þeirra til Landsvirkjunar eða alls um 45 milljónum króna.

Eigið fé Landsvirkjunar hækkaði á árinu um 2.245 milljónir króna vegna endurmats eigna og tekjuafgangs að frádregnum arðgreiðslum og nam um 10.980 milljónum króna í árslok, að jafnvirði um 261 milljónar Bandaríkjadollara. Er eigið fé um 35% af heildareign Landsvirkjunar, sem nam um 31,5 milljarði króna í árslok 1985, að jafnvirði um 748 milljóna Bandaríkjadollara.

Hér á eftir fara töflur, er sýna rafmagnsöflun og rafmagnssölu Landsvirkjunar árin 1984 og 1985 ásamt verðlagningu árið 1985 og yfirliti yfir starfsmannahald fyrirtækisins.

RAFMAGNSÖFLUN	1985		1984	
	GWst	MW	GWst	MW
Rafmagnsvinnsla	3.452,6	526,0	3.508,2	528,0
Vatnsorka	3.452,6	526,0	3.501,2	525,0
Varmaorka	0,0	0,0	7,0	3,0
Rafmagnskaup	164,4	35,3	158,3	37,0
Frá Hitaveitu Suðurnesja	31,1	7,5	30,4	6,9
Frá Kröfluvirkjun	133,3	27,8	127,9	30,1
Heildarrafmagnsöflun	3.617,0	561,3	3.666,5	565,0

RAFMAGNSSALA	1985					1984				
	Forg. GWst	Afg. GWst	Alls GWst	Par af ótr.orka GWst	MW	Forg. GWst	Afg. GWst	Alls GWst	Par af ótr.orka GWst	MW
Til almenningsrafveitna	1.548,7	-	1.548,7	86,5		1.451,2	-	1.451,2	70,0	
Rafmagnsveitu Reykjavíkur	501,3	-	501,3	-	93,9	488,1	-	488,1	-	90,4
Rafmagnsveitna ríkisins	784,9	-	784,9	34,7	138,0	720,9	-	720,9	28,8	142,2
Rafveitu Hafnarfjarðar	46,1	-	46,1	-	8,4	46,3	-	46,3	-	8,3
Orkubús Vestfjarða	110,8	-	110,8	41,3	24,6	97,2	-	97,2	30,5	19,9
Rafveitu Akureyrar	105,6	-	105,6	10,5	20,2	98,7	-	98,7	10,7	19,7
Til stóriðju	1.624,8	292,4	1.917,2	-		1.690,7	367,9	2.058,6	-	
Áburðarverksmiðju ríkisins	135,9	-	135,9	-	22,2	131,9	-	131,9	-	21,8
ISAL	1.232,2	-	1.232,2	-	155,0	1.301,4	57,2	1.358,6	-	176,0
Íslenska járnblendifélagssins	256,7	292,4	549,1	-	79,2	257,4	310,7	568,1	-	79,5
Heildarrafmagnssala	3.173,5	292,4	3.465,9	86,5		3.141,9	367,9	3.509,8	70,0	
Töp og eigin notkun			151,1					156,7		

Gjaldskrá Landsvirkjunar til almenningsrafveitna 1985

01.01.-31.12.	
Forgangsrafmagn:	
Aflgjald	3.241,91 krónur á árskr W.
+ Orkugjald:	
Fyrir fyrstu notkun allt að 2500 klst. nýtingartíma á ári	103,3 aurar á kWst.
Fyrir notkun milli 2500 og 4000 klst. nýtingartíma á ári	60,2 aurar á kWst.
Fyrir notkun umfram 4000 klst. nýtingartíma á ári	28,3 aurar á kWst.
Ótryggt rafmagn:	
Orkugjald (eingöngu)	21,3 aurar á kWst.

Fjöldi starfsmanna í föstum störfum

	1985	1984
Yfirstjórn og tæknideildir	68	65
Kerfisstjórn, spennistöðvar og háspennulínur	37	35
Aflstöðvar	84	89
	189	189
Lausráðnir starfsmenn		
	1985	1984
Ársverk	87	108
	276	297

Yfirstjórn

Kjörtímabil stjórnar Landsvirkjunar er 4 ár. Núverandi stjórn tók til starfa 1. júlí 1983 og er hún skipuð sem hér segir:

Formaður:	Jóhannes Nordal
Kosnir af Alþingi	Árni Grétar Finnsson Baldvin Jónsson Böðvar Bragason Ólafur Ragnar Grímsson
Kosnir af borgarstjórn Reykjavíkur:	Birgir Ísleifur Gunnarsson Davíð Oddsson Kristján Benediktsson
Kosinn af bæjarstjórn Akureyrar:	Valur Arnþórsson
Eftirtaldir menn veita fyrirtækinu nú forstöðu:	
Forstjóri:	Halldór Jónatansson
Aðstoðarforstjóri:	Jóhann Már Mariússon
Forstöðumenn deilda:	
Forstöðumaður verkfræðideildar:	Agnar Olsen
Forstöðumaður tæknipróunardeildar:	Elías B. Elíasson
Rekstrarstjóri:	Guðmundur Helgason
Svæðisstjóri Norður- og Austurlands:	Knútur Otterstedt
Forstöðumaður byggingardeildar:	Páll Ólafsson
Skrifstofustjóri:	Örn Marinósson

ORKUBÚ VESTFJARÐA

Orkubú Vestfjarða starfar á grundvelli laga nr. 66/1976, um Orkubú Vestfjarða, og er sameignarfyrtæki ríkisins og sveitarfélaga á Vestfjörðum. Hlutur ríkissjóðs er 40%, en hlutur sveitarfélaganna er 60% í fyrirtækinu. Skiptist hlutur sveitarfélaganna innbyrðis milli þeirra í hlutfalli við íbúatölu, en alls eru 29 sveitarfélög á Vestfjörðum af 32 eigendur að Orkubúi Vestfjarða.

Tilgangur Orkubúsins er að virkja vatnsafl og jarðhita á Vestfjörðum, þar sem hagkvæmt þykir. Skal Orkubú Vestfjarða eiga og reka vatnsorkuver og dísilraforkustöðvar til raforkuframleiðslu, ásamt nauðsynlegum mannvirkjum til raforkuflutnings og orkudreifingar. Fyrirtækið skal eiga og reka jarðvarmavirki og nauðsynlegt flutningskerfi og dreifikerfi fyrir heitt vatn. Skal fyrirtækið einnig eiga og reka kyndistöðvar ásamt nauðsynlegu dreifikerfi.

Fyrirtækið skal annast virkjunarrannsóknir og aðrar undirbúningsrannsóknir eftir því, sem ákveðið er hverju sinni.

Stofnfundur Orkubús Vestfjarða var haldinn á Ísafirði hinn 26. ágúst 1977. Sérstakur stofnsamningur var gerður um yfirtöku eigna og skulda, en Orkubúið yfirtók eignir Rafmagnsveitna ríkisins á Vestfjörðum, svo og eignir Rafveitu Ísafjarðar, Rafveitu Patrekshrepps, Rafveitu Snæfjalla og Rafveitu Reykjarfjarðar- og Ögurhrepps.

Orkubúið hefur reist kyndistöðvar á Ísafirði, Bolungarvík, Patreksfirði og Flateyri og selur þar varmaorku til húshitunar.

2. janúar 1983 hóf Orkubú Vestfjarða viðskipti við Landsvirkjun um Vesturlínu.

Rekstur 1985

Rekstrarafkoma Orkubús Vestfjarða 1985 var neikvæð um 1,4 m.kr. Árið áður varð hagnaður á rekstrinum, tæpar 7 m.kr. Heildarrekstrargjöld árið 1985 voru um 377 m.kr., þar af voru afskriftir 78 m.kr. og fjármagnsgjöld 85 m.kr.

Orkubú Vestfjarða fékk 20% af verðjöfnunargjaldi af raforku í sinn hlut. Árið 1985 nam þessi hlutur 75,1 m.kr. eða um 20% af heildartekjum fyrirtækisins. Verðjöfnunargjald var lækkað úr 19% í 16% þann 1. janúar 1985 og varð Orkubúið af 14 m.kr. tekjum af þeim sökum.

Eigið fé Orkubús Vestfjarða nam um seinustu áramót 769 m.kr. og langtímaskuldir voru um 858 m.kr.

Í árslok 1985 voru 57 starfsmenn í föstum störfum hjá Orkubúi Vestfjarða miðað við fullt starf.

Heildarorkuöflun Orkubús Vestfjarða varð alls 184,0 GWh og hafði aukist um 4,8% frá fyrra ári. Skipting orkuöflunar var þannig:

Raforkuvinnsla vatnsaflsvirkjana	34,7%
Raforkuvinnsla dísilstöðva	0,6%
Orkuvinnsla í svartolíukötlum vegna hitaveitna	3,7%
Orkukaup frá Landsvirkjun og RARIK	61,0%

Samtals 100,0%

Orkuvinnsla dísilstöðva og orkuvinnsla í svartolíukötlum minnkaði frá fyrra ári.

Samtals varð orkusala Orkubúsins 1985 um 152,5 GWh.

Af raforku voru seldar um 110,6 GWh og er aukning í sölu frá fyrra ári 5,0%. Tekjur Orkubúsins af þessari orkusölu voru 224,9 m.kr. og meðalverð á seldri kílóvattstund 203,3 aurar, sem er 14,1% hækkun frá fyrra ári. Í þessari tölu er ekki reiknað með söluskatti og verðjöfnunargjaldi.

Af heitu vatni voru seldar 41,9 GWh og er það 1,2% aukning frá fyrra ári. Tekjur Orkubús Vestfjarða af þessari orkusölu voru um 70,7 m.kr. og meðalverð á seldri kílóvattstund 168,7 aurar.

Orkusala	GWh	%
Til búrekstrar	8,7	5,7
Til stórra véla	25,4	16,7
Til hitunar	101,1*	66,3
Til annarra nota	17,3	11,3
Samtals	152,5	100,0

* Af raforku voru seldar 59,2 GWh og af heitu vatni 41,9 GWh. Reiknað er með að 70% af allri raforkusölu til búrekstrar séu til húshitunar. Orkubú Vestfjarða hefur því selt 107,2 GWh til húshitunar eða 70,3% af heildarorkusölu.

Staða skv. rekstrar- og efnahagsreikningi í árslok 1985:

	1985	1984	1983
	<u>þús.kr.</u>	<u>þús.kr.</u>	<u>þús.kr.</u>
Rekstrartekjur	376.050	328.016	242.160
Rekstrargjöld	(292.695)	(233.054)	(180.062)
Fjármagnsgjöld	(84.716)	(88.122)	(62.555)
Hagnaður (Tap)	(1.361)	6.840	(457)
Eignir	1.764.930	1.388.710	1.047.392
Skuldir	(996.123)	(851.204)	(626.369)
Eigið fé	768.807	537.506	421.023

Framkvæmdir

Á árinu 1984 var unnið að framkvæmdum fyrir 77,6 m.kr. og skiptust þær þannig:

	<u>M.kr.</u>
Vatnsaflsvirkjanir	0,3
Dísilstöðvar	4,4
Stofnlínur	6,3
Aðveitustöðvar	9,6
Innanbæjarkerfi	18,9
Fasteignir, bílar og áhöld	19,5
Sveitaveitur	1,2
Hitaveitur	17,4
Samtals	77,6

Framkvæmdir voru fjármagnaðar með lánsfé að upphæð 52 m.kr. Úr rekstri komu 25,7 m.kr., þar af 2,7 m.kr. stofnfjárframlag úr Orkusjóði vegna sveitarafvæðingar.

Rekstrarhorfur 1986

Um s.l. áramót voru gjaldskrár hækkaðar, hitataxtar um 17% og almennir taxtar um 14%, en frá og með 1. mars lækkuðu gjaldskrár fyrirtækisins, hitataxtar um 7% og almennir taxtar um 20,2%. Þessi lækking var gerð í kjölfar ráðstafana ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, en með þeim ráðstöfunum var m.a. verðjöfnunargjald af raforku fellt niður.

Fjórir þættir rekstrargjalda skipta höfuómáli: Gjaldskrá Landsvirkjunar, gengi erlendra myntar, vextir lána og laun. Verði ekki umtalsverðar breytingar á nefndum liðum á árinu 1986 verður mögulegt að hafa gjaldskrár óbreyttar út árið.

Rekstraráætlun 1986

	M.kr.
Tekjur	413,1
Orkusala	325,5
Verðjöfnunargjald o.fl.	87,6
Gjöld	(425,1)
Rekstrargjöld	(332,5)
Fjármagnsgjöld	(92,6)
Tap	(12,0)

Af tekjuliðnum "verðjöfnunargjald o.fl." eru tekjur af verðjöfnunargjalði á árinu 1986 áætlaðar 80,6 m.kr. Ljóst er því, að verðjöfnunargjalðið er verulegur þáttur í tekjuöflun Orkubúsins. Nú þegar verðjöfnunargjalðið hefur verið fellt niður með öllu er ljóst að tryggja verður Orkubúinu aðrar tekjur til að standa undir rekstrar- og fjármagnsgjöldum, eða létta af því lánabyrði.

Framkvæmdir á árinu 1986 eru áætlaðar 50,5 m.kr.

Stjórn Orkubúsins

Stjórn Orkubúsins til aðalfundar 1986 var þannig skipuð:

Ólafur Kristjánsson, skólastjóri, Björgvin Sigurbjörnsson, verkamaður, Kristján Jónasson, framkvæmdastjóri, Kristinn Jón Jónsson, verkstjóri, skipaður af iónaðarráðherra, Engilbert Ingvarsson, bóndi, skipaður af fjármálaráðherra.

Orkubússtjóri er Kristján Haraldsson.

RAFMAGNSVEITUR RÍKISINS

Rafmagnsveitur ríkisins starfa á grundvelli IX. kafla orkula- laga nr. 58/1967 og eru eign ríkisins og starfræktar sem fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki.

Skipta má rekstri Rafmagnsveitnanna í þrennt: Orkuöflun, orkuflutning og orkudreifingu. Þetta eru ólíkir starfspættir en eru að sjálfsögðu samtengdir.

Með orkuöflun er átt við orkukaup og rekstur eigin vatns- aflsstöðva og dísilstöðva, en orkukaup eru aðallega frá Landsvirkjun en einnig lítils háttar frá Skeiðsfossvirkjun og Andakilsárvirkjun.

Með orkuflutningi er átt við flutning eftir stofnlínakerfi frá orkuafhendingarstað til aðveitustöðva þaðan sem dreifing fer fram til notenda eða orkusala til rafveitna sveitar- félaga.

Með orkudreifingu er átt við flutning frá aðveitustöð um innanbæjarkerfi til einstakra notenda, svo og sveitalínur til sveitabæja og annarra notenda í dreifbýli.

Rafmagnsveiturnar sjá um rekstur byggðalína að verulegu leyti samkvæmt sérstökum samningi við Landsvirkjun sem er nú eigandi byggðalína.

Frá ársbyrjun 1979 til ársloka 1985 önnuðust Rafmagnsveit- urnar rekstur Kröfluvirkjunar í umboði ríkissjóðs. Á síðasta ári var Kröfluvirkjun seld Landsvirkjun, sem yfirtók hana til eignar og rekstrar frá og með 1. janúar 1986.

Starfsemi- Orkuveitusvæði

Rafmagnsveitur ríkisins dreifa raforku um allt land (að undanskildum Vestfjörðum og Reykjanesi) á þeim svæðum þar sem rafveitur sveitarfélaga starfa ekki. Ennfremur selja Rafmagnsveiturnar flestum rafveitum sveitarfélaga raforku í heildsölu. Á orkuveitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins eru tæp 12% af íbúum í þéttbýli en um 92% af íbúum í sveitum. Um 20% landsmanna eru á orkuveitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins.

Aðalskrifstofa Rafmagnsveitnanna er í Reykjavík, en auk þess eru svæðisskrifstofur í Stykkishólmi, á Blönduósi, Akureyri, Egilsstöðum og Hvolsvelli.

Raforkuöflun

Rafmagnsveitur ríkisins kaupa raforku í heildsölu, aðallega frá Landsvirkjun og framleiða einnig orku í eigin orkuverum. Orkuöflunin var sem hér segir:

Keypt orka:

Frá Landsvirkjun	784.934 MWh	
Frá Andakílsárvirkjun	262 "	
Frá Skeiðsfossvirkjun	4.153 "	
Frá Sleitustaðavirkjun	6 "	
	<hr/>	
Alls	789.355 MWh	= 789 GWh

Framleidd orka:

Í vatnsorkustöðvum	101.008 MWh	
Í varmaorkustöðvum	1.434 "	
Í kyndistöðvum	314 "	
	<hr/>	
Alls	102.756 MWh	= 103 GWh
Orkuöflun alls		<u>892 GWh</u>

Framleiðsla Kröfluvirkjunar var 140 GWh að frádreginni eigin notkun virkjunarinnar sem var 6 GWh. Telst framleiðslan með aðkeyptri orku.

Orkuöflunin árið 1985 hefur aukist um 50 GWh eða 5,9% frá árinu áður.

Raforkusala

Rafmagnsveitur ríkisins selja eins og áður sagði raforku til rafveitna sveitarfélaga í heildsölu og beint til notenda annars staðar, þar sem rafveitur sveitarfélaga eru ekki starfandi. Heildarraforkusala á árinu 1985 var 769 GWh og jókst um 41 GWh eða 5,7% frá árinu áður. Í heildsölu voru seldar 288 GWh. Smásala skiptist þannig eftir notkun árið 1985:

	GWh	%
Almenn notkun	54	11
Markmæling landbúnaður	154	32
Vélanotkun	96	20
Húshitun	163	34
Annað	14	3
	<hr/>	
Samtals	481	100

Auk þess seldu Rafmagnsveiturnar heitt vatn, er samsvarar 29 GWh, til hitaveitna á Höfn í Hornafirði og Seyðisfirði.

Reiknað er með að 70% af raforkusölu í landbúnaði séu vegna húshitunar. Rafmagnsveiturnar hafa því selt samtals 271 GWh til húshitunar (108 GWh til landbúnaðar og 163 GWh til annarrar húshitunar) eða nálægt 56% af raforku í smásölu.

Nýframkvæmdir

Á árinu 1985 var unnið að framkvæmdum fyrir 257,5 Mkr. samanborið við 237,9 Mkr. árið 1984.

Framkvæmdir ársins 1985 skiptast þannig:

	Mkr.
Vatnsaflsstöðvar	0,2
Varmaafllsstöðvar	5,1
Stofnlínur	82,9
Aðveitustöðvar	20,5
Innanbæjarkerfi	56,0
Sveitaveitur	39,7
Fasteignir, bifreiðar og áhöld	68,5
- sala	15,4
	<u>53,1</u>
	257,5

Framkvæmdir við sveitaveitur eru að mestu fjármagnaðar með framlagi úr Orkusjóði en aðrar framkvæmdir með lánsfé og úr rekstri.

Fjárhagsafkoma 1985

Staða skv. rekstrar- og efnahagsreikningi (í þús. kr.) í árslok 1985:

	1985 (þús.kr.)	1984 (þús.kr.)	1983 (þús.kr.)
<u>Tekjur:</u>			
Orkusala	1.471.353	1.220.656	926.708
Verðjöfnunargjald o.fl.	350.609	334.358	260.788
Tekjur samtals	<u>1.821.962</u>	<u>1.555.014</u>	<u>1.187.496</u>
<u>Gjöld:</u>			
Rekstrargjöld	(1.595.148)	(1.219.618)	(972.835)
Fjármagnsgjöld	(101.441)	(266.189)	(210.900)
Gjöld samtals	<u>(1.696.589)</u>	<u>(1.485.807)</u>	<u>(1.183.735)</u>
Rekstrarafgangur	<u>125.373</u>	<u>69.207</u>	<u>3.761</u>
Eignir	5.175.988	7.108.953	5.691.986
Skuldir	(3.675.741)	(6.257.511)	(4.782.590)
Eigið fé	1.500.247	851.442	909.396

Á árinu 1985 varð hagnaður af rekstri Rafmagnsveitnanna að upphæð 125,4 Mkr. Sú breyting hefur verið gerð á reiknings-

skilum frá fyrri árum að færð er verðbreytingarfærsla sem sýnir þá raunvirðisbreytingu sem verður á peningalegum eignum og skuldum við verðbólguaðstæður og mætt er með gengismun, vöxtum og verðbótum en þar á færslan sér aðallega mótvægi. Þá er og sú breyting gerð að safnaðar afskriftir liðinna ára eru dregnar frá eignum í stað þess að telja þær til skulda. Hefði hinni eldri reikningsskilaaðferð verið haldið, hefði rekstrarhalli orðið sem næst 95 Mkr. Megin-
 ástæður þessa mikla munar eru litlar hækkanir á verði gjaldeyris á meðan almennt verðlag hækkaði um 30-35% frá ársbyrjun til ársloka 1985.

Horfur í rekstri 1986

Rekstraráætlun fyrir árið 1986 ber með sér að nokkur rekstrarafgangur er fyrirsjáanlegur. Fjórir þættir skipta mestu varðandi rekstrargjöld: Gjaldskrár Landsvirkjunar, gengi erlendra mynta, vextir lána og laun.

Rekstraráætlun 1986 í þús. kr.

Tekjur

Smásala	1.110.000
Heildsala	287.300
Verðjöfnunargjald	65.000
Aðrar tekjur	57.000
Verðjöfnunargjaldsigildi	<u>290.000</u>
Samtals	1.809.300

Gjöld

Laun	180.600
Önnur rekstrargjöld	217.800
Hráefni og vörur til endursölu	896.000
Afskriftir	282.700
Vextir	<u>210.000</u>
Samtals	1.787.100
Hagnaður	22.200

Verðjöfnunargjald var 16% í byrjun ársins 1986 en var afnumið 1. mars í kjölfar kjarasamninga. Ríkissjóður greiðir þó ígildi verðjöfnunargjaldsins til ársloka 1986. Áætluð er svokölluð verðbreytingarfærsla í vaxtagjöldum.

Gjaldskrá Rafmagnsveitnanna var hækkuð nokkuð 1. janúar 1986 en lækkuð á ný 1. mars, einnig í tengslum við kjarasamninga. Engar aðrar breytingar á gjaldskrár eru fyrirhugaðar á árinu.

Ráðgert er að fresta greiðslum afborgana af tilteknum skuldabréfum að fjárhæð 50 Mkr. til að létta á greiðslustöðu fyrirtækisins. Rafmagnsveiturnar hafa lagt til, að ríkissjóður yfirtaki skuldir Rafmagnsveitnanna sem aðgerð til að mæta niðurfellingu verðjöfnunargjaldsins. Þar á móti er einnig sú tillaga gerð að arðbærar fjárfestingar verði greiddar úr rekstri en óarðbærar fjárfestingar verði greiddar af ríkissjóði.

Starfsfólk

Fjöldi starfsmanna Rafmagnsveitnanna hefur á undanförnum árum verið sem hér segir:

1982	1983	1984	1985
546	368	332	322

Rafmagnsveitustjóri er Kristján Jónsson. Forstöðumaður fjármálasviðs er Sveinbjörn Óskarsson og tæknisviðs Steinar Friðgeirsson. Svæðisrafveitustjórar eru þeir Ásgeir Þór Ólafsson, Vesturlandi, Sigurður Eymundsson, Norðurlandi vestra, Ingólfur Árnason, Norðurlandi eystra, Erling Garðar Jónasson, Austurlandi, og Örlygur Jónsson, Suðurlandi.

Stjórn Rafmagnsveitna ríkisins skipa: Pálmi Jónsson, Akri, formaður, Gylfi Magnússon, Ólafsvík, Sveinn Ingvarsson, Reykjum, Skeiðahreppi, Sigurður Ágústsson, Sauðárkróki, Sveinn Jónsson, Reyðarfirði.

RÍKISPRENTSMÍÐJAN GUTENBERG

Prentsmiðjan hefur verið eign ríkisins frá árinu 1930. Meginverkefni fyrirtækisins hafa verið prentverk fyrir Alþingi, Stjórnarráð og ríkisstofnanir.

Árið 1985 var um marga hluti sérstakt fyrir rekstur fyrirtækisins, einkum vegna þess að síðast á árinu 1984 hafði verið verkfall hjá bókagerðarmönnum sem og BSRB, sem reyndist þessu fyrirtæki sem og öðrum í þessari atvinnugrein þungt í skauti, en með samstilltu átaki og hagkvæmni í rekstri tókst að snúa við blaðinu á þann veg, að afkoma varð jákvæð í árslok 1985.

Breytingar á starfsmannahaldi voru ekki miklar á árinu og var fjöldi starfsmanna mjög svipaður allt árið, um 75.

Talsverðar breytingar hafa átt sér stað í rekstri, en þar ber hæst textaflutning frá Alþingi og kaup á fjöllum prentvél til prentunar á eyðublöðum fyrir tölvur. Þar sem prentsmiðjan átti ekkert sérstakt merki til þess að merkja með pappíra sína sem og húsnæði, bifreið o.fl. var ráðist í það að hanna slíkt merki fyrir prentsmiðjuna. Loks var hafin tölvuvinnsla fyrir verkþókhald, lager o.fl.

Húsnæði prentsmiðjunnar var lagfært að utan, bæði málað og múrhúðað, og ráðgerð er smíði viðbyggingar á næsta ári.

Rekstur 1985

Staða á rekstrar- og efnahagsreikningi var sem hér segir í árslok 1985:

	1985 <u>þús.kr.</u>	1984 <u>þús.kr.</u>	1983 <u>þús.kr.</u>
Rekstrartekjur	79.538	50.582	44.888
Rekstrargjöld	(77.257)	(49.490)	(37.095)
Nettó fjármagns- tekjur (gjöld)	(1.534)	(2.505)	(6.881)
Hagnaður (tap)	747	(1.413)	912
Eignir	75.873	52.288	43.514
Skuldir	(24.949)	(13.686)	(8.594)
Eigið fé	50.924	38.602	34.920

Stjórn

Í stjórn prentsmiðjunnar sitja eftirtaldir menn:
Eggert G. Þorsteinsson, formaður, Valgerður Bjarnadóttir, varaformaður, Hjörtur Hjartarson, ritari. Forstjóri er Guðmundur Kristjánsson.

SEMENTSVERKSMIÐJA RÍKISINS

Sementsverksmiðja ríkisins tók til starfa árið 1958. Starfræksla verksmiðjunnar byggist á lögum nr. 35/1948, sbr. lög nr. 71/1961. Verksmiðjan er að öllu leyti í eigu ríkisins. Hún lýtur fimm manna þingkjörinni stjórn, sem kosin er til fjögurra ára. Iðnaðarráðherra skipar formann úr hópi stjórnarmanna.

Rekstur 1985

Gjallframleiðsla verksmiðjunnar varð 100.400 tonn, samanborið við 100.100 tonn árið 1984. Rekstrardagar ofnsins voru 321 og framleiðslan því 312,8 tonn á dag að meðaltali, eða heldur meiri en árið áður. Framleiðsla sements varð 117.200 tonn, en sala 114.111 tonn.

Framleiðsla og sala sements 1984 (1983) í tonnum

	<u>Framl.</u>	<u>1985</u>	<u>Selt</u>	<u>Framl.</u>	<u>1986</u>	<u>Selt</u>
Portlandsement	103.300		102.281	99.500		101.957
Hraðsement	11.600		10.059	14.400		16.381
Pozzolansement	2.300		1.745	0		0
Hvítt sement, innfl.			26			55
Alls tonn	117.200		114.111	113.900		118.393

Skipting milli sölu á lausu og sekkjuðu sementi var sem hér segir:

	<u>Laust</u>	<u>Sekkjað</u>
Portlandsement	74.240	28.041
Hraðsement	7.207	2.852
Pozzolansement	1.745	
Samtals	83.192	30.893
Skipting	72,9%	27,1%

Skiptingin var mjög svipuð árið 1984.

Verð á framleiðslu verksmiðjunnar hækkaði tvisvar á árinu, alls um 29,7%, og flutningsjöfnunargjald hækkaði einu sinni um 25,6%. Hækkun á sementi frá ársbyrjun til ársloka var um 29%.

Rekstur verksmiðjunnar gekk erfiðlega á árinu og varð verulegur rekstrarhalli eins og fram kemur hér á eftir eða um 46,5 M. kr. Afskriftir námu um 80 M. kr.

Fastráðnir starfsmenn á árslok 1985 voru 159 og hafði fækkað um 13 frá fyrra ári.

Helstu niðurstöður skv. rekstrar- og efnahagsreikningi í árslok 1985 (1984):

	1985 Þús. kr.	1984 Þús. kr.	1983 Þús. kr.
Rekstrartekjur	408.500	383.800	290.300
Rekstrargjöld	(396.200)	(350.500)	(282.900)
Nt. fjárm.tekjur (gjöld)	(58.800)	(30.000)	(9.900)
Hagnaður (Tap)	(46.500)	3.300	(2.500)
Eignir	600.300	509.600	437.600
Skuldir	(360.300)	(280.300)	(260.900)
Eigið fé	240.000	229.300	176.700

Rekstrarhorfur 1986

Áætlað er að sementssala verði nokkru minni en árið 1985, eða um 110.000 tonn.

Sementsverð hækkaði um 15-16% í byrjun árs og verða engar frekari verðbreytingar á árinu.

Fyrirsjáanlegt er að þetta ár verður eitt það besta í sögu verksmiðjunnar hvað reksturinn snertir, bæði að því er snýr að framleiðslunni og fjárhagslegu hliðinni.

Helstu framkvæmdir á þessu ári eru í sambandi við endurbætur á húsakynnum verksmiðjunnar og fegrun útlits þeirra.

Stjórn

Á fundi sameinaðs Alþingis í desember 1984 voru eftirtaldir kosnir í stjórn verksmiðjunnar fyrir tímabilið frá 6. febrúar 1985 til 6. febrúar 1989: Ásgeir Pétursson, bæjarfógeti, formaður, Daníel Ágústínusson, fyrrv. aðalbókari, Friðjón Þórðarson, alþingismaður, Sigurjón Hannesson, trésmíðameistari, og Skúli Alexandersson, alþingismaður.

SJÓEFNAVINNSLAN H.F., REYKJANESI

Með lögum nr. 62/1981 var ríkisstjórninni heimilað að beita sér fyrir stofnun hlutafélags til að reisa og reka sjóefnavinnslu á Reykjanesi, svo og að leggja fram hlutafé úr ríkissjóði og veita ríkisábyrgð fyrir lánum til hlutafélagsins.

Stjórn fyrirtækisins er kosin á aðalfundi nema fulltrúar ríkissjóðs, sem skipaðir eru af iðnaðar- og fjármálaráðherra að jöfnu, en iðnaðarráðherra skipar formann. Iðnaðarráðherra fer með mál, er snerta eignaraðild ríkissjóðs að félaginu, sbr. tilnefningu fulltrúa í stjórn á aðalfundi.

Sjóefnavinnslan h.f. var stofnuð 12. desember 1981. Eigendur eru ríkissjóður, sveitarfélögin á Suðurnesjum og auk þess um 500 aðrir aðilar, félög og einstaklingar. Ríkissjóður á um 84% hlutafjárins. Hlutverk félagsins er að stofnsetja og reka sjóefnavinnslu á Reykjanesi. Starfsemi þess er framhald af starfsemi Undirbúningsfélags saltverksmiðju á Reykjanesi h.f., sem áður hafði starfað um nokkurra ára skeið.

Starfsemi árið 1985

Starfsemi félagsins á árinu 1985 mótaðist af þeim umhugsunarfresti sem tekinn var til þess að meta stöðu og framtíðarmöguleika félagsins. Engar teljandi verklegar framkvæmdir voru á árinu og skiptist áfallinn kostnaður í gæslukostnað og kostnað vegna möguleikakannana. Gæslan var fólgin í vöktun svæðisins, viðhaldi og rekstri tækja og búnaðar ásamt framleiðslu á 1.743 tonnum af salti. Möguleika- og hagkvæmniskannanir bentu til að hagkvæmt væri að hefja framleiðslu á kolsýru og þurrís ásamt kísli með saltframleiðslunni sem skyldi þá aukin í 8.000 tonn.

Í lok ársins var ákveðið að hefjast handa við undirbúning að framleiðslu áður nefndra vörutegunda. Félagið flutti skrifstofu sína á athafnasvæðið á Reykjanesi í kjölfar þessa og lokaði skrifstofu sinni í Keflavík.

Möguleika- og hagkvæmniskannanirnar sem gerðar voru fyrir stjórn félagsins miðuðust við það að stöðva árlegt reksturstað og jafnframt að skila viðunandi arðsemi af nýfjárfestingunni.

Áætlaður stofnkostnaður á verðlagi 1. janúar 1986 var kr. 54.971.000,00 vegna saltvinnslunnar og kr. 22.264.000,00 vegna kolsýruvinnslunnar eða samtals kr. 77.235.000,00.

Auk þess voru gjöld umfram tekjur við rekstur SEV fyrir árið 1986 áætluð kr. 20.100.000,00. Heildarfjárbærf var því áætluð kr. 97.335.000,00. Á miðju ári 1985 var Magnús

Magnússon verkfræðingur ráðinn framkvæmdastjóri til bráðabirgða. Verkefni hans var að koma með tillögur að breytingum á rekstri SEV og áætlanir um nýja framleiðslu.

Efnahagur og fjárhagsstaða

Efnahagur í árslok 1985:

	1985 þús.kr.	1984 þús.kr.
Eignir	484.000	326.000
Skuldir	(366.000)	(239.000)
Eigið fé	118.000	87.000

Staða félagsins í dag og verkefni framundan

Hagkvæmnisáætlanir byggðust að hluta á eldri áætlunum um afköst eima og saltpanna ásamt áætlunum um orku- og hráefnisnotkun. Í árslok 1985 var unnið að markaðs- og hönnunarforsendum fyrir verksmiðjuna og í ársbyrjun 1986 var hafist handa við að koma eimun og kísilsetþró í rekstur til þess að kanna raunafköst búnaðarins.

Í ljós kom hönnunargalli á eimunum sem olli mikilli tæringu í hringrás eimanna. Auk þess settist kísilin örur á yfirborð þeirra en áætlað var sem þýðir örari þvott og minni rekstur tíma.

Lagfæringar á eimunum voru allkostnaðarsamar og stöðvuðu saltframleiðsluna sem var með hléum um 4 mánaða skeið.

Við gangsetningu eimanna féll til nægjanlegur jarðsjór til að afkastamæla saltpönnurnar. Í ljós kom að afköst pannanna voru minni en áætlanir gerðu ráð fyrir og einungis með mikilli aðgætni er hægt að framleiða fisksalt með þeim grófleika sem markaðurinn gerir kröfur til.

Í ljósi breyttra forsendna var haft samband við framleiðendur á búnaði til saltframleiðslu og málið kynnt ítarlega. Erlendu ráðgjafarnir treystu sér ekki til að eiga við pönnur SEV enda úrelt tæki og óhentugar við að framleiða gróft salt.

Í ágúst sl. barst SEV tilboð frá Standard Messo, Struthers og Sultzer Esser Wiss í saltframleiðslubúnað þar sem ábyrgst var 12.000 t framleiðsla af salti með þeim grófleika sem innlendir saltfiskverkendur æskja. Búnaður þessi hefði leyst af hólmi saltpönnur SEV og gert það mögulegt að nýta 2000 ferm. saltpönnuhús til annars.

Arðsemisáætlanir um þá valkosti sem buðust sýndu svipaða

útkomu, 17-20% arðsemi á föstu verðlagi, en þeir voru: 1) að halda fyrri áætlun, 2) að fjárfesta aukalega kr. 57.000.000,00 í 12.000 t búnaði, 3) að nota pönnurnar til framleiðslu á saltsalla og fjárfesta í búnaði sem pressaði og síðan malaði saltið í æskilega kornastærð en viðbótar-kostnaður var áætlaður kr. 24.000.000,00.

Stjórnin ákvað nýverið að fylgja fyrri áætlun enda útilokar hún ekki breytingar seinna meir ef hagkvæmar þykja.

Áætlað er að pönnur SEV verði allar komnar í gagnið fyrri hluta janúar á næsta ári. Óvarlegt er að áætla ársafköst þannanna meiri en 6000 tonn af fisk- eða síldarsalti. Áhersla verður lögð á það að auka þjónustu við viðskiptavinum og stilla kalsíum-klóríð-innihald saltsins nákvæmar en áður hefur verið gert. Samvinna hefur tekist við fiskverkun Baldvins Njálssonar í Garðinum um að geyma og afgreiða salt SEV til viðskiptavina hennar í Sandgerði, Garði, Keflavík og Njarðvíkum.

Á árinu hefur verið unnið að markaðssetningu kolsýru og þurriss enda styttest í framleiðslu þeirra hjá SEV. Gosdrykkjaframleiðendum og garðyrkjubændum, sem verða stærstu notendur kolsýrunnar fyrst um sinn, hafa verið kynnt, framleiðsluáform SEV og hafa þeir síðarnefndu kynnt sér vel hagkvæmni þess að nýta kolsýru við ræktun. Félagið mun sjá um dreifingu á fljóttandi kolsýru úr eigin tengivagni til stærstu viðskiptavinnanna sem hafa kolsýrutanka en Ísaga h/f mun dreifa kolsýrunni í hylkjum.

Í júlí og ágúst á síðasta ári hóf SEV tilraunir með kísl sem féll til á svæðinu. Kíslin var notuð sem áburður fyrir þá sem þjást af psoriasis, og unglingsbólum, og einnig sem hreinsikrem fyrir húð. Í byrjun var tilraunin í smáum stíl en viðunandi árangur kom skjótt í ljós. Lækningaáhrif Bláa lónsins hjálpuðu mikið til en áhugi á efni SEV var verulegur bæði innanlands og erlendis.

SEV tekur beinan þátt í markaðsfærslu kíslarinnar og skiptir markaðnum milli tveggja félaga, Odin Derma a/s í Noregi sem SEV á 25% eignarhlut í og sameignarfélags Medis og SEV að jöfnu en Medis er sameignarfélag Pharmaco h/f og Delta h/f og eru þau stærstu lyfjaframleiðendur og dreifendur hér á landi.

Rannsóknir og tilraunir hafa verið stundaðar um alllangt skeið á hegðun og eiginleikum kíslarinnar og er SEV nú í stakk búin til að meðhöndla og stjórna eiginleikum hennar. Þekkingin hefur leitt til verulegrar lækkunar á áætluðum kostnaði við að fella út kísl og þykkja í framleiðslurásinni.

Nú er verið að framleiða hjá SEV 200 t af sjóþykkni sem dælt er frá ströndinni. Farmurinn hefur verið seldur erlendis og verður þykknið flutt út til nota óbreytt í matvæli en einnig sem þurreimað heilsusalt. Þetta er tilraun og liður í því að framleiða á svæðinu verðmætar vörur sem henta til útflutnings.

Áætluð fjárþörf SEV 1986 vegna nýfjárfestingarinnar og reksturs út árið var áætluð kr. 97.335.000,00 á verðlagi 1. janúar 1986. Félagið hefur fjármagnað þessar framkvæmdir með óráðstöfuðu eigin fé frá áramótum, láni úr ríkissjóði og hlutafjárauðningu samtals á árinu kr. 104.450.000,00.

Gróf staða 1. september 1986 er eftirfarandi:

Rekstur tilraunaverksm. til 1.9. 86	kr. 16.600.000,00
Nýfjárfesting til 1.9. 86	- 25.150.000,00
Áætl. óráðstafaður stofnk. á árinu	- 44.700.000,00
Áætl. óráðstafaður rekstursk. á árinu	- <u>8.000.000,00</u>

Samtals kr. 94.450.000,00

Eru því áætlaðar kr. 10.000.000,00 afgangar til að mæta áætluðu reksturstepi á árinu 1987 því ekki er reiknað með fullri nýtingu kolsýruvéla fyrstu árin.

SEV fékk rannsóknastyrk frá Iðnaðarráðuneytinu til að kanna hagnýtingu jarðvarma til iðnaðarnota og hafa verkefnið verið unnin í samvinnu við Stóriðjunefnd, Nýiðnaðardeild Iðntækni- stofnunar Íslands og fleiri aðila.

Ákvarðanir um framleiðslu á kolsýru, þurrís og kísl eru m.a. byggðar á niðurstöðum kannana sem greiddar voru með styrk ráðuneytisins.

Stjórn Sjóefnavinnslunnar h/f til aðalfundar 1986 var skipuð eftirtöldum stjórnarmönnum:

Guðmundur Malmquist, formaður, skipaður af fjármála- og iðnaðarráðherra, Árni Kolbeinsson, skipaður af iðnaðarráðherra, Halldór Ibsen, skipaður af fjármálaráðherra, Gunnar Sveinsson, varaformaður, og Björgvin Gunnarsson, kosnir á aðalfundi.

Framkvæmdastjórnar: Magnús Magnússon og Finnbogi Björnsson, en Finnbogi lét af störfum 1986.

STEINULLARVERKSMÍÐJAN H.F.

Með lögum nr. 61 frá 4. júní 1981, um steinullarverksmiðju, var ríkisstjórninni heimilað að taka þátt í stofnun hlutafélags um byggingu steinullarverksmiðju og leggja fram allt að 40% af hlutafé þess, enda verði hlutafé félagsins minnst 30% af stofnkostnaði fyrirhugaðrar steinullarverksmiðju.

Á fundi ríkisstjórnarinnar, hinn 25. maí 1982, var samþykkt svofelld tillaga: „Með tilvísun til laga nr. 61/1981 samþykkir ríkisstjórnin fyrir sitt leyti, að steinullarverksmiðja risi á Sauðárkróki á vegum Steinullarfélagssins hf. í samræmi við meginhugmyndir, sem félagið hefur lagt fram um stærð og markað.“

Hinn 2. desember 1982 var undirritaður stofnsamningur fyrir Steinullarverksmiðjuna hf. og undirritaði iðnaðarráðherra stofnsamninginn fyrir hönd íslenska ríkissins með 40% hlutafjár og Steinullarfélagið hf. með 60% hlutafjár. Jafnframt gaf Sauðárkrókskaupstaður út yfirlýsingu um að hann myndi ábyrgjast hlutafjárframlög Steinullarfélagssins með hliðsjón af skilyrðum ríkissins. Á árinu 1983 ákváðu Kaupfélag Skagfirðinga, Samband ísl. samvinnufélaga og Oy Partek AB, Finnlandi, að gerast hluthafar í félaginu.

Hlutafé félagsins skiptist þannig í reikningum ársins 1985:

	Hlutafé kr. (nafnverð)	%
Ríkissjóður	27.320.000	40,00
Samband ísl. samvinnufélaga	11.227.500	16,44
Kaupfélag Skagfirðinga	3.742.500	5,48
Oy Partek AB	7.810.000	11,44
Steinullarfélagið hf.	18.200.000	26,64
Samtals	68.300.000	100,00

Stærsti hluthafinn í Steinullarfélaginu hf. er Sauðárkrókskaupstaður, en hluthafar eru alls 324 talsins, einstaklingar og fyrirtæki.

Á aðalfundi félagsins 1985 samþykktu eigendur að hlutafé yrði aukið, þannig að það næði 30% af stofnkostnaði, eins og ákvæði stofnsamnings segja til um. Þessi aukning nemur 22 millj. kr. á verðlagi í september 1985 og er til innborgunar á árinu 1986.

Stofnkostnaður og fjármögnun

Lokið var byggingu verksmiðjunnar á árinu 1985 og tók hún formlega til starfa 15. september, en tilraunaframleiðsla hófst í ágúst.

Stofnkostnaður er skv. ársreikningi sem hér segir:

Byggingar	131.974.530
Vélar	227.623.558
Langtímakostnaður (vextir á byggingatímanum)	62.784.415
Annar kostnaður	7.641.476
Samtals	430.023.979
Afskrifað á árinu	10.339.548
Fastafjármunir pr. 31/12	419.684.431

Veruleg breyting varð á gengispróun helstu gjaldmiðla á árinu 1985 og því eru eignfærðir vextir á byggingartíma að mestu leyti gengismunur á árinu.

Norræni fjárfestingarbankinn	94.270.000,00
Elkem AS	29.676.453,35
Bank of Helsinki Ltd.	12.032.333,60
Iðnþróunarsjóður	41.689.825,05
Iðnlánasjóður	17.270.257,40
Búnaðarbanki Íslands	8.124.881,40
Samtals	203.063.750,80

Alls voru tekin ný langtímalán að upphæð 248.503.083,75 á árinu 1985 og þar af lán frá Norræna fjárfestingarbankanum með ríkisábyrgð kr. 94.276.050,00. Auk þess hafa verið tekin skammtímalán til að brúa fram til lánveitingar sjóðanna (USD 500 þús.kr.) en sótt hefur verið um lán til lengri tíma hjá Iðnþróunar- og Iðnlánasjóði samtals að upphæð 28 millj. kr. Einnig hefur verið tekið skammtímalán vegna væntanlegra skaðabóta frá Elkem vegna galla í bræðsluofni.

Rekstur og rekstrarskilyrði

Á árinu 1985 lauk að mestu byggingu verksmiðjunnar og var hún gangsett í byrjun ágúst og vígð formlega af þáverandi iðnaðarráðherra, Sverri Hermannssyni, þann 15. september.

Fljótlega kom í ljós að rafbræðsluofn sá er keyptur var af Elkem uppfyllti ekki þau rekstrarskilyrði sem ábyrgst var í samningi. Félagið hefur því ekki samþykkt að taka við ofninum sem slíkum og er áætlað að aukakostnaður og tekjutap af þessum sökum sé um 10 millj. kr. á árinu 1985.

Viðræður við Elkem vegna þessa máls fara fram á árinu 1986.

Á árinu störfuðu 24 starfsmenn að meðaltali en starfsmenn í árslok voru 33.

Staða skv. rekstrar- og efnahagsreikningi í árslok 1985:

Rekstrartekjur	19.839.557,00
Rekstrargjöld	(44.146.758,72)
Fjármagnsgjöld	(4.896.334,04)
Óreglulegar tekjur	9.000,00
Hagnaður/Tap	(29.194.535,75)
Eignir	434.426.729,31
Skuldir	(384.619.857,56)
Eigið fé	49.806.871,75

Þegar rekstur verksmiðjunnar hófst voru rekstrarskilyrði að ýmsu leyti óhagstæð.

Gengi Evrópugjaldmiðla, sem jafnframt eru helstu lánamyntir verksmiðjunnar, byrjaði að hækka gagnvart íslensku krónunni fyrri hluta árs 1985.

Almennur samdráttur varð í byggingariðnaði á árinu 1985 og horfur á svipaðri þróun 1986.

Byggingarkostnaður fór nokkuð fram úr áætlun og hefur það enn aukið á erfiðleikana við að ná endum saman í fjárfestingunni, auk þess sem rekstur hófst þremur mánuðum seinna en áætlað hafði verið.

Verð á glerull hélt áfram að lækka allt árið 1985 á erlendum mörkuðum. Afurðum verksmiðjunnar hefur hins vegar verið tekið með miklum ágætum og lagðist innflutningur á steinull og glerull að langmestu leyti niður þegar eftir fyrstu reynslu markaðarins af vörunni.

Rekstrarhorfur 1986

Áætlað er að sala á árinu 1986 verði á bilinu 2800-3000 tonn sem samsvarar ca. 100 millj. kr. veltu.

Gert er ráð fyrir að hefja tilraunir með útflutning til Færeyja og Grænlands á árinu í ljósi þeirrar reynslu sem komin er á gæði framleiðslunnar.

Einungis er gert ráð fyrir minni háttar framkvæmdum eða fjárfestingum á árinu 1986.

Fyrirhugað er að setja upp lausullarbúnað til nýtingar á afskurði þeim sem til fellur við hefðbundna framleiðslu. Einnig er gert ráð fyrir að sett verði upp eigin vatnsveita verksmiðjunnar fyrir kalt vatn á árinu. Í heild er áætlað að

fjárfestingar nemi 5 millj. kr. á árinu 1985.

Fyrirsjáanlegt er að rekstur verksmiðjunnar mun verða erfiður næstu árin miðað við óbreytt skilyrði.

Sú viðbótarfjármögnun, sem óskað hefur verið eftir, þarf því að koma inn strax í upphafi árs 1986. Þá þarf og að hefja markvissa vörupróun á afurðum sem henta verksmiðjunni til framleiðslu og hafa sölumöguleika á íslenska markaðinum.

Stjórn

Stjórnarmenn ríkisins til aðalfundar 1986 eru Magnús Pétursson, hagsýslustjóri, tilnefndur af fjármálaráðherra, og Jafet S. Ólafsson, deildarstjóri, tilnefndur af iðnaðar-ráðherra.

Aðrir stjórnarmenn eru Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri, formaður, Ólafur Friðriksson, kaupfélagsstjóri, Pentti Ljungqvist, framkvæmdastjóri, Snorri Egilsson, framkvæmdastjóri, og Stefán Guðmundsson, alþingismaður.

Framkvæmdastjóri var Þorsteinn Þorsteinsson.

ÞÖRUNGAVINNSLAN H.F., REYKHÓLUM

Eins og fram kemur í skýrslu iðnaðarráðherra um Þörungavinnsluna h.f. fyrir árið 1984 ákvað þáverandi iðnaðarráðherra að bjóða heimamönnum í Reykhólasveit fyrirtækið til kaups eða leigu. Hafði iðnaðarráðherra fengið samþykki ríkisstjórnar og heimild Alþingis þar að lútandi í júní 1985. Að mati núverandi iðnaðarráðherra leiddu samningaviðræður ekki til viðunandi lausnar málsins. Fór svo að Þörungavinnslan h.f. var lýst gjaldþrota vorið 1986, og var fyrirtækið slegið Ríkisábyrgðasjóði á nauðungaruppbóði í apríl s.l.

Ríkissjóður hefur staðið undir miklum hallarekstri Þörungavinnslunnar um árabil. Að mati núverandi iðnaðarráðherra gat slíkt ástand ekki varað lengur, einkum með hliðsjón af því að betri afkoma fyrirtækisins virtist ekki í auglýn. Engu að síður er vonast til, að halda megi rekstri Þörungavinnslunnar áfram eftir að gagngerar breytingar hafa verið gerðar á rekstrinum í kjölfar gjaldþrotaskipta. Er vonast til að með því að létta uppsöfnuðum skuldum af fyrirtækinu geti heimamenn rekið það hallalaust. Eftir gjaldþrotaskipti hefur félag heimamanna tekið eignir þrotabús Þörungavinnslunnar á leigu og haldið rekstri fyrirtækisins áfram. Vonast félagið til að ná samningum við Ríkisábyrgðasjóð um endanleg kaup á eignum þrotabúsins. Eftir gjaldþrotaskipti Þörungavinnslunnar h.f. fellur sjálfkrafa niður forræði iðnaðarráðherra varðandi eignaraðild ríkisins að félaginu. Samningaviðræður um hugsanleg kaup heimamanna á eignum þrotabúsins af Ríkisábyrgðasjóði fara fram á vegum fjármálaráðherra.

Framleiðsla

Á árinu 1985 var framleiðslan eins og kemur fram á töflunni í tonnum.

	1985 (tonn)	1984 (tonn)	1983 (tonn)
Þangöflun	12.441	16.213	13.966
Þaraöflun	2.602	610	1.785
Framleiðsla:			
Þangmjöl	3.041	4.050	3.500
Þaramjöl	228	55	160
Sölumagn:			
Þangmjöl	2.600	4.280	3.210
Þaramjöl	168	239	208

Rekstur

	1985	1984	1983
	<u>Þús. kr.</u>	<u>Þús. kr.</u>	<u>Þús. kr.</u>
Rekstrartekjur			
a. af rekstri	40.157	42.451	28.127
b. skaðabætur	3.371	3.370	3.370
Rekstrartekjur samtals	43.528	45.821	31.497
Rekstrargjöld	(44.576)	(45.702)	(35.456)
Afskriftir	(8.324)	(6.375)	
Fjármagnstekjur (gjöld)	4.103	(14.902)	(7.068)
Hagnaður (tap)	(5.269)	(21.158)	(11.027)
Eignir	75.878	62.011	55.641
Skuldir	(121.203)	(95.517)	(61.666)
Eigið fé (neikvætt) ..	(45.325)	(33.506)	(6.025)

Stjórn

Stjórnarmenn ríkisins frá aðalfundi 1985-1986 eru: Vilhjálmur Lúðvíksson, formaður, Vilhjálmur Egilsson, og Aðalsteinn Jóhannsson. Aðrir eru: Ingi Garðar Sigurðsson, Ólafur E. Ólafsson. Framkvæmdastjóri Þörungavinnslnnar h.f. er Kristján Þór Kristjánsson.

RANNSÓKNASTOFNUN BYGGINGARIÐNAÐARINS

Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins (Rb) starfar samkvæmt lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna frá 1985. Stofnunin er sjálfstæð og heyrir undir Iðnaðarráðuneytið. Aðsetur stofnunarinnar er að Keldnaholti.

Stjórn

Samkvæmt ákvæðum 47. gr. laga nr. 64/1965 var stjórnin skipuð til fjögurra ára, frá 21. júní 1984.

Stjórnarmenn eru: Edgar Guðmundsson, verkfræðingur, formaður, Gunnar Björnsson, byggingameistari og Halldór Jónsson, verkfræðingur.

STARFSEMI 1985

Forstjóri, skipaður af iðnaðarráðherra er Hákon Ólafsson, verkfræðingur.

Við stofnunina eru 36 fastar stöðuheimildir og heimild til verkefnabundinna ráðninga. Á árinu störfuðu þannig 43 starfsmenn við stofnunina.

Starfsemin fer fram á eftirtöldum sviðum: Húsbyggingatækni, vegagerð - jarðtækni, steinsteypa, byggingakostnaður, fræðsla - útgáfa, hagnýt jarðfræði.

Á öllum sviðum er unnið að rannsóknum, þjónustu og ráðgjöf, sem skilgreina má á eftirfarandi hátt:

Rannsóknir; vinna við verkefni sem oft eru skilgreind í samráði við hagsmunaaðila í atvinnulífinu og að hluta greidd af þeim.

Þjónusta; úttektir og efnisprófanir sem að öllu leyti eru unnar á kostnað verkbeiðanda.

Ráðgjöf; fræðsla og upplýsingagjöf í formi útgáfu rita og tækniblaða, greina, fyrirlestra og símsvörunar. Þessa þjónustu hefur stofnunin veitt endurgjaldslaust, að öðru leyti en því að rit og tækniblöð eru seld.

Skipting í ofantalda flokka miðað við vinnustundafjölda er þessi:

Rannsókn	30%
Þjónusta	35%
Ráðgjöf	35%

Fjöldi þjónusturannsókna stórra og smárra var á árinu u.þ.b. 1300.

Af rannsóknarverkefnum má nefna eftirfarandi:

Steinsteypa: Unnið var að 13 vel skilgreindum rannsóknarverkefnum, flest unnin fyrir og greidd af aðilum sem geta nýtt niðurstöður. Sem dæmi má nefna eftirtalin verkefni: Áhrif raka og hitastigs á alkalíþenslu. Notkun plast- og glertrefja í steypu, þróun á nýrri sementstegund til virkjana með notkun pozzolans, vatnsfælur - áhrif á frostþol og alkalivirkni, múr- einangrunarkerfi, X- steypa - þróun og notkunarmöguleikar.

Húsbýggingatækni: Unnið var að 11 verkefnum, en þar af má t.d. nefna: Orkunotkun húsa - hagkvæmar endurbætur, loftþéttleiki einingahúsa, klæðningar á hús - veðrunarþol, tæknileg úttekt innfluttra einingahúsa, ending einangrunarglers eftir framleiðendum.

Vegagerð - jarðtækni: Á þessu sviði eru þjónustuverkefni hvað mest, en þau eru að miklu leyti fólgin í efnisprófunum á vegagerðar- og stífluefnum. Af rannsóknarverkefnum má nefna:

- Könnun á hagkvæmni mismunandi slitlaga.
- „Poröse stenmaterialer“ norrænt verkefni unnið við Rb.
- Steinefni í bundin slitlög - tilraunakaflar.
- Nýting síuryks frá SR til vegagerðar.

Byggingakostnaður: Starfsemi á deildinni hefur mest tengst útgáfu vísitalna byggingarkostnaðar fyrir mismunandi gerðir húsa en þær eru gefnar út ársfjórðungslega sundurliðaðar samkvæmt kostnaðarkerfi Rb. Unnið er að nokkrum fleiri verkefnum auk ýmissa hagkvæmnisathugana í tengslum við rannsóknaverkefni annarra deilda.

Hagnýt jarðfræði: Starfsemi hefur mest verið fólgin í rannsóknum á nýjum svæðum m.t.t. nýtingar lausra jarðseta til mannvirkjagerðar.

Fræðsla - útgáfa: Árlega eru gefin út nokkur rit með niðurstöðum rannsóknaverkefna. Einnig eru gefin út Rb-tækniblöð, 15-20 á ári, en áskrifendur að þeim eru u.þ.b. 1500.

Stofnunin sér um fjölda námskeiða fyrir byggingariðnaðinn í samvinnu við Fræðslumiðstöð iðnaðarins.

Rekstur

1985
(Þús. kr.)

Tekjur:		
Frá ríkissjóði	18.824	49%
Eigin tekjur Rb	19.254	51%
	<u>38.078</u>	

Útgjöld:		
Laun og launatengd gjöld	24.574	
Rekstrargjöld	11.187	
Gjaldfærður stofnkostnaður	2.317	
	<u>38.078</u>	

Af þessu sést að eigin tekjur eru yfir 50% af veltu og er það verulega herra en gert var ráð fyrir sem æskilegu hámarki í langtímaáætlun Rannsóknaráðs ríkisins.

NORRÆNT SAMSTARF

Stofnunin hefur góð tengsl við systurstofnanir á Norðurlöndum og tekur þátt í samstarfi á verkefnagrundvelli aðallega innan NBS og Nordtest.

ORKUSTOFNUN

Hlutverk Orkustofnunar er samkvæmt orkulögum nr. 58/1967 annars vegar að vera ráðherra til ráðuneytis um orkumál og hins vegar að rannsaka orkulindir landsins og orkubúskap þjóðarinnar. Þetta tvíþætta hlutverk samtvinnast með þeim hætti, að rannsóknirnar eru undirstaða ráðgjafastarfsins. Rannsóknir á orkulindunum, vatnsorku og jarðhita, eru jafnframt undirstaða undir nýtingu þeirra. Á grundvelli rannsókna er valið úr þeim virkjunarkostum, sem til greina koma, og þeir kostir kannaðir ítarlega sem vænlegastir þykja.

Orkustofnun verður mjög að líta til langs tíma í rannsóknum sínum, svo að nægur tími gefist til að kanna allar væntanlegar leiðir og valið á þeim, sem til framkvæmda koma, geti farið fram á traustum grundvelli. Fram til þess tíma að kostur er valinn til virkjunar ber Orkustofnun sjálf kostnaðinn við rannsóknirnar með fjárveitingum, sem hún fær á fjárlögum, en eftir það ber sá kostnaðinn sem fyrir virkjun stendur, enda þótt Orkustofnun hafi hluta þeirra framkvæmda oft með höndum. Þær eru þá unnar af stofnuninni sem reikningsverk fyrir virkjunaraðila. Þeir eru einkum Landsvirkjun og Rafmagnsveitur ríkisins á vatnsorkusviðinu, en stærstu hitaveiturnar, svo sem Hitaveita Reykjavíkur, Hitaveita Suðurnesja og Hitaveita Akureyrar, á jarðhita-sviðinu.

Þeir rannsóknarættir, sem Orkustofnun annast sjálf alfarið og eru undanfari vals á virkjunarkostum, nefnast forathuganir og forhönnunarrannsóknir. Þeir eru einnig nefndir eigin verk stofnunarinnar vegna þess að hún kostar þá sjálf af fjárveitingum. Hinir rannsóknarættirnir, sem fylgja í kjölfar valsins, nefnast verkhönnunarrannsóknir, og fara fram til undirbúnings svonefndri verkhönnun orkumannvirkisins, þ.e. lokaákvörðun um gerð einstakra hluta þess, og til undirbúnings verkútboða. Þessi verk eru jafnframt oft nefnd söluverk því að Orkustofnun selur virkjunaraðilun þessar rannsóknir.

Þessir síðartöldu rannsóknarættir, verkhönnunar- og útboðs-rannsóknir, eru dýrasti hluti undirbúningsrannsókna undir virkjun vatnsorku og jarðhita. Kostnaður við þá nemur oft yfir 80% af kostnaðinum við undirbúningsrannsóknirnar í heild; en kostnaður við forathugun og forhönnun, sem Orkustofnun ber sjálf, undir 20%.

Þrátt fyrir þessa aðgreiningu í þætti eru undirbúnings-rannsóknir undir virkjanir vatnsorku og jarðhita samfelld heild, þar sem síðari þættirnir eru reistir á hinum fyrri. Þetta eru meira og minna sameiginleg einkenni rannsóknastarfsemi af hvaða tagi sem er. Forathuganir og forhönnunar-

rannsóknir eru undirstaða verkhönnunarrannsókna. Ljóst er, að miklu máli skiptir að þættirnir haldist í hendur, undirstaða sé fyrir hendi þegar byggja þarf á henni. Að öðrum kosti getur yfirbyggingin, verkhönnun, útboð og framkvæmd virkjunar, tafist.

Starfsemi 1985:

Vatnsorka

Á sviði vatnsorkurannsókna var 1985 unnið að rannsóknum í Jökulsánum í Skagafirði, Þjórsá neðan Búrfells, Efri-Þjórsá (þ.e. ofan ármóta við Tungnaá), Hvítá í Árnessýslu, Skjálfandafljóti við Íshólsvatn, Jökulsá á Dal, Markarfljóti og Síðuvötnum. Hér er alls staðar um að ræða forathuganir þær og forhönnunarrannsóknir sem vikið er að hér að framan og Orkustofnun kostar af fjárveitingum sínum. Þessu til viðbótar vann stofnunin fyrir eigin fjárveitingar að ýmsum almennum verkefnum vatnsorkurannsókna, svo sem vatna-mælingum og aurburðarmælingum víðs vegar um land, með svipuðum hætti og áður. Vatnshæðarmælistöðvar eru um 150 á landinu. Lögð var aukin áhersla á vetrarmælingar á hálandinu.

Auk þess sem að framan er talið voru unnin söluverk fyrir Landsvirkjun á sviði vatnsorkurannsókna. Þau teljast með síðari rannsóknarþáttunum sem að framan voru taldir. Þau voru þó miklu minni en á undanfórnum árum. Helstu söluverkin tengdust Kvíslaveitu, Sultartangavirkjun, stækkun Búrfells-virkjunar, Vatnsfellsvirkjun, Efri-Þjórsá, Blönduvirkjun, Fljótsdalsvirkjun, vatnsborðshækkun í Þórisvatni og jarðfræðikortlagningu á virkjunarsvæðum við Þjórsá og Tungnaá og á Fljótsdalsheiði. Síðasttalda verkið, jarðfræðikortlagningin, er samvinnuverk Orkustofnunar og Landsvirkjunar, og er kostnaði við það skipt milli þeirra.

Auk ofangreindra söluverka fyrir Landsvirkjun vann Vatnsorkudeild Orkustofnunar ýmis smá söluverk fyrir Rafmagnsveitur ríkisins, svo og fyrir ýmsa utan orkugeirans. Þar eru stærst líkantilraunir fyrir Hafnamálastofnun, athuganir á öflun vatns fyrir vatnsveitur og fyrirtæki á sviði fiskeldis, athuganir á mengunarhættu vatns og staðarvals-athuganir fyrir Staðarvalsnefnd Iðnaðarráðuneytisins.

Orkubúskapardeild

Orkubúskapardeild vinnur að margvíslegum athugunum varðandi orkumál og sér um gagnasöfnun á því sviði.

Eins og áður var unnið að gagnasöfnun um orkumál og ýmsum innlendum sem erlendum aðilum veittar ýmsar upplýsingar um orkumál hér á landi. Á árinu komu út hefti númer 34-35 af tímaritinu "Orkumálum".

Deildin sér um vinnu fyrir Orkuspárnefnd, en í henni eiga sæti fulltrúar Orkustofnunar, orkufyrirtækja og stofnana og sambanda sem málinu tengjast. Á árinu var unnin ný raforkuspá og kom út skýrsla um það verk í lok sumars. Allar aðferðir og forsendur voru rækilega endurskoðaðar frá eldri spám og fengust nokkuð breyttar niðurstöður frá síðustu spá, þ.e. gert er ráð fyrir mun hægari vexti raforkunotkunar en áður.

Starfshópur um endurskoðun á aðferðum við mat á orkuvinnslugetu vatnsorkuvera og rekstri þeirra starfaði áfram á árinu og hélt 15 fundi. Í hópnum eiga sæti fulltrúar frá Landsvirkjun, Orkustofnun og Rafmagnsveitum ríkisins. Áfram var unnið að athugun á forsendum orkuvinnslureikninga og í lok árs voru þær athuganir langt á veg komnar. Fyrsta áfangaskýrsla hópsins kom út snemma á árinu. Um vorið var farið til Noregs og Svíþjóðar og kannað hvernig þar er staðið að þeim málum sem starfshópurinn vinnur að hér á landi og fjallaði áfangaskýrsla II um þá ferð.

Á sviði orkusparnaðar var lítilsháttar unnið í tengslum við Orkusparnaðaráttak Iónaðar- og Félagsmálaráðuneytis. Á vegum Framtíðarkönnunar forsætisráðherra var unnið í svokölluðum orkuhóp að gerð skýrslu um orkumál næstu áratuga.

Jarðhiti

Af eigin verkefnum, þ.e. forathugunum og forhönnunarverkefnum á sviði jarðhitarannsókna á árinu 1985, má nefna forathuganir á Trölladyngju-Krýsuvík; rannsóknir á Hengils-svæðinu sem unnar voru í samvinnu við Hitaveitu Reykjavíkur; tilraunir með niðurdælingu affallsvatns á Svartsengi (í samvinnu við Hitaveitu Suðurnesja, sem kostar verkefnið að hluta), forathugun á háhitasvæði í Öxarfirði, sem hafin var fyrir sérstaka fjárveitingu á árinu 1984, tilraun með varma-dælu, í samvinnu við Landsvirkjun og Rafmagnsveitur ríkisins; hagkvæmiathuganir á jarðhitanýtingu fyrir sveitarfélög og einstaklinga; athugun á hagkvæmni samvinnslu á háhitavarma til laxeldis og raforkuvinnslu; rannsóknir á eðli magnesíumsilikat-útfellinga við hitun á fersku vatni; athuganir á því hvaða jarðhitapættir hafi einkum áhrif á eðlisviðnám bergs; þróun tölvuforrita til úrvinnslu úr jarðhitamælingum og aðlögun erlends forrits til líkanreikninga á háhitasvæðum.

Unnið var í samvinnu við Norðmenn að setlagakönnun á Jan Mayen-hryggnum, í samræmi við samkomulag þjóðanna þar um. Einnig var unnið að setlagarannsóknum úti fyrir Mið-Norðurlandi. Seld þjónusta á sviði jarðhita 1985 var mikil eins og áður. Verkkaupar voru nokkrir hinir sömu en sumpart nýir. Stærsta verkið var rannsókn á Nesjavöllum fyrir

Hitaveitu Reykjavíkur. Af öðrum verkefnum má nefna vinnslueftirlit í Mosfellssveit og Reykjavík, einnig verk fyrir Hitaveitu Reykjavíkur; rannsóknir í Svartsengi og úrvinnslu gagna frá borunum í Eldvörpum fyrir Hitaveitu Suðurnesja; úrvinnslu eldri mælinga, vinnslueftirlit og ráðgjöf vegna Kröfluvirkjunar, fyrir Rafmagnsveitur ríkisins; vinnslueftirlit og lokafrágang mæligagna fyrir Sjöefnavinnsluna á Reykjanesi; vinnslueftirlit í Bjarnarflagi fyrir Jarðvarma-veitur ríkisins; rannsókn og úrvinnslu eldri gagna fyrir Hitaveitu Seltjarnarness; eftirlit með vatnsvinnslu og efna-innihaldi vatnsins fyrir Hitaveitu Egilsstaða og Fella; vinnslueftirlit og skýrslugerð um stöðu vinnslusvæða og framtíðarhorfur í orkuöflun fyrir Hitaveitu Akureyrar og ráðgjöf og ýmiss konar mælingar fyrir m.a. hitaveitur Selfoss, Rangæinga, Svalbarðseyrar og Hríseyjar.

Á árinu var í ríkari mæli en áður veitt ráðgjafar- og rannsóknarþjónusta varðandi nýtingu jarðhita til fiskeldis. Voru unnin verkefni á þessu sviði m.a. fyrir Fljótalax, Íslax h.f., ISNO, Íslandslax, Fiskeldi Grindavíkur í Húsatóftum og Fiskeldi í Höfnum.

Á árinu 1985 vann Jarðhitadeild Orkustofnunar í samvinnu við Virki h.f. að tveimur jarðhitaverkefnum í Grikklandi, þ.e. ráðgjöf og eftirlit með vinnslu jarðhita og losun affallsvatns á eyjunni Milos í Eyjahafi og svipað verkefni á eyjunni Nisyros, einnig í Eyjahafi.

Auk þess var gert tilboð, í samvinnu við Virki h.f., í jarðhitaverkefni í Kenya.

Jarðhitaskóli HSP var rekinn með svipuðum hætti og áður. Árið 1985 voru 11 nemendur í 6 mánaða þjálfun. Þeir koma frá Eþíópíu (3), Kenya (3), Kína (3), Thailandi (1) og Tyrklandi (1). Kínverjarnir voru hér á styrkjum frá UNDP, en hinir á styrkjum frá HSP og íslenska ríkinu. Auk þessara nemenda komu þrjár jarðhitasérfræðingar frá Makedóníu í Júgóslavíu í tveggja vikna námsferð til Íslands á vegum UNDP.

Stjórnslá

Iðnaðarráðherra skipar stjórn Orkustofnunar til eins árs í senn. Stjórnina skipa þrjú menn. Árið 1985 áttu sæti í stjórninni: Jónas Eliasson, prófessor, formaður, Valdimar K. Jónsson, prófessor, Þóroddur Th. Sigurósson, vatnsveitustjóri.

Orkumálastjóri er Jakob Björnsson.

Orkustofnun skiptist í fjórar deildir:

Stjórnsýsludeild, forstöðumaður Gunnlaugur Jónsson.
Vatnsorkudeild, forstöðumaður Haukur Tómasson.
Jarðhitadeild, forstöðumaður Guðmundur Pálmason.
Orkubúskapardeild, deildarstjóri Jón Vilhjálmsson.

Orkustofnun annast rekstur Jarðborana ríkisins og Jarðvarmaveitna ríkisins, samkvæmt ákvörðun ráðherra. Á árinu var með lögum stofnað fyrirtækið Orkustofnun Erlendis h.f., sem hefur það hlutverk að selja erlendis þekkingu Orkustofnunar og íslenskra ráðgjafa á nýtingu jarðhita og vatnsorku.

Rekstur og fjármál 1985

Samkvæmt meðfylgjandi rekstrarreikningi námu bókfærð útgjöld á árinu alls rúmum 199 milljónum króna samanborið við rúmar 124 milljónir árið áður. Hækkun milli ára nam 60% á sama tíma og vísitala vöru og þjónustu hækkaði um 32,7% milli ára. Raunvirði útgjalda Orkustofnunar hækkaði því um fimmtung milli ára.

Á árinu 1985 var unnið að þyngdarmælingum fyrir Defence Mapping Agency í Washington. Verkið var fólgið í því að mæla þyngdarsviðið í 793 mælipunktum og jafnframt að staðsetja þá nákvæmlega með hæð yfir sjó, lengd og breidd. Meðal annars vegna þessa verks urðu sértekjur stofnunarinnar mun meiri en áætlað hafði verið í upphafi árs. Að raunvirði á verðlagi ársins 1985 hækkuðu sértekjur Orkustofnunar úr 65,7 milljónum 1984 í tæpar 94,0 milljónir króna 1985. Þessi aukning nægði þó ekki til þess að heildartekjur og útgjöld næðu meðaltali árána 1974-1984. Launakostnaður var nálægt meðaltali sömu ára, en fjárveiting ríkisins var sú næstlægsta á tímabilinu, árið 1984 var með lægri fjárveitingu.

<u>Rekstrarstekjur</u>	1985 þús.kr.	1984 þús.kr.	1983 þús.kr.
Fjárveiting til Orkustofnunar	106.200	74.720	67.506
Sértekjur:			
Framlög til Háskóla S.Þ.	9.253	6.013	3.236
Sérverkefni fyrir Orkusjóð og Iónaðar-ráðuneytið	4.859	3.400	4.557
Seld þjónusta önnur	62.448	32.286	33.999
Ýmsar tekjur	17.429	7.799	4.579
Endurheimt útgj.	-	-	2.028
Samtals	<u>200.189</u>	<u>124.218</u>	<u>115.905</u>

Hlutfall sértekna sem % af heildart. 47% 40% 42%

Rekstrargjöld

Rekstur Stjórnsýsludeildar	(33.244)	(23.941)	(19.790)
Rekstur Vatnsorkudeildar	(66.195)	(41.773)	(37.657)
Rekstur Jarðhitadeildar	(83.638)	(50.491)	(47.511)
Gjaldfærður stofnkostnaður	(16.446)	(8.042)	(9.812)
Viðhald	-	-	(1.187)

Rekstrargjöld samtals	(199.523)	(124.247)	(115.957)
-----------------------	-----------	-----------	-----------

Launakostnaður í rekstri	98.151	67.965	
--------------------------	--------	--------	--

Hagnaður (tap)	666	(29)	(52)
Hagnaður %	0,3%	(0,02)%	

Starfsmannahald

Nokkur samdráttur varð í starfsmannahaldi Orkustofnunar á árinu. Í árslok voru 90 starfsmenn ráðnir ótímabundinni ráðningu á Orkustofnun sjálfri og 26 tímabundinni ráðningu í tengslum við einstök verk, svonefndri verkefnaráðningu, eða alls 116 starfsmenn. Að auki vann sumarvinnufólk og annað lausráðið starfsfólk samtals rúmt 21 ársverk. Alls voru unnin 137,35 ársverk sem er 7,65 færri en árið áður.

Yfirlit yfir starfsmannahald (ársverk) Orkustofnunar 1985 eftir deildum:

	Vatns- orku- deild ¹⁾	Jarð- hita- deild ²⁾	Stjórn- sýslu- deild	Samtals
Ótímabundin ráðning	32,5	36,25	21,0	89,75
Verkefnaráðning	9,6	12,5	4,0	26,1
Samtals	42,1	48,75	25,0	115,85
Lausráðið starfsfólk	6,2	14,4	0,9	21,5
Starfsmenn 1985 alls	48,3	63,15	25,9	137,35
Starfsmenn 1984 alls	56,2	61,7	27,1	145,0
Starfsmenn 1983 alls	58,5	63,0	28,0	149,0

1) Innifelur orkubúskapardeild.

2) Þar af 4 vegna Háskóla Sameinuðu Þjóðanna.

Fjárhagsáætlun ársins 1986

Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir 8% hækkun á útgjöldum milli ára, sem er mun minni hækkun en nemur áætlaðri hækkun meðalverðlags milli ára.

Mestur er samdrátturinn á Vatnsorkudeild en jafnframt er nokkur samdráttur á Stjórnsludeild og Jarðhitadeild. Áætlað er að unnin ársverk á árinu verði tæplega 130.

IÐNTÆKNISTOFNUN ÍSLANDS

Iðntæknistofnun Íslands starfar samkvæmt lögum nr. 41 frá 6. maí 1978, en með þeim lögum voru Iðnþróunarstofnun Íslands og Rannsóknastofnun iðnaðarins sameinaðar í Iðntæknistofnun Íslands. Iðntæknistofnun Íslands er sjálfstæð stofnun undir yfirstjórn Iðnaðarráðuneytisins.

Hlutverk stofnunarinnar er að vinna að tækniþróun og aukinni framleiðni í íslenskum iðnaði með því að veita iðnaðinum sem heild, einstökum greinum hans og iðnfyrirtækjum sérhæfða þjónustu á sviði tækni- og stjórnunarmála og stuðla að hagkvæmri nýtingu íslenskra auðlinda til iðnaðar.

Stofnuninni er heimilt að veita þjónustu öðrum aðilum, sem hafa þörf fyrir þá sérþekkingu, er stofnunin hefur yfir að ráða.

Hlutverki sínu skal stofnunin gegna meðal annars með því að vinna að ráðgjöf og fræðslu, öflun og dreifingu upplýsinga, hagnýtum rannsóknum, tilraunum og prófunum, tæknilegu eftirliti og stöðlun. Stofnunin annast samskipti við hliðstæðar erlendar stofnanir.

Stjórn

Iðnaðarráðherra skipar stjórn stofnunarinnar, 1 fulltrúa án tilnefningar en 4 samkvæmt tilnefningum Félags ísl. iðnrekenda, Landssambands iðnaðarmanna, Landssambands iðnverkafólks og Alþýðusambands Íslands. Til 1. október 1984 voru í stjórninni Guðrún Hallgrímsdóttir, verkfræðingur, formaður, Páll Kr. Pálsson, deildarstjóri, Steinar Steinsson, tæknifræðingur, Guðjón Jónsson, járnsmiður, og Sigríður Skarphéðinsdóttir, iðnverkakona. Ný stjórn stofnunarinnar var skipuð 1. október 1984: Gunnar Scheving Thorsteinsson, verkfræðingur, formaður stjórnar, en stjórnin að öðru leyti skipuð eins og áður. Forstjóri frá 1. febrúar 1983 dr. Ingjaldur Hannibalsson, iðnaðarverkfræðingur, lét af störfum 1. júní s.l. og við tók Páll Kr. Pálsson, iðnaðarverkfræðingur, skipaður af iðnaðarráðherra til 1. júní 1990. Í stað Páls hefur Ágúst Valfells, framkvæmdastjóri, verið skipaður í hans stað.

Starfsemi Iðntæknistofnunar Íslands:

Stofnunin skiptist í 11 deildir sem hverri fyrir sig er stýrt af deildarstjóra og hefur sér til faglegs ráðuneytis ráðgjafanefnd skipaða fulltrúum fyrirtækja á viðkomandi sviði.

Á undanfórnum árum hefur verið lögð áhersla á uppbyggingu þekkingar og tækjakosts til að stunda ýmiss konar rannsóknir

og prófanir fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Þá hefur fræðslustarf, einkum námskeiðahald, verið stór þáttur í starfsemi stofnunarinnar.

Fræðslustarfsemi

Iðntæknistofnun sér um Verkstjórnarfræðslu, Fræðslumiðstöð iðnaðarins og Námskeið fyrir stjórnendur vinnuvéla. Árlega eru haldnir tugir sérhæfðra námskeiða fyrir starfsfólk í iðnaði og unnið nýtt námsefni í ýmsum greinum.

Iðntækniþjónusta

Efna- og matvælatæknideild hefur með höndum rannsóknir, þróun og gæðaeftirlit á framleiðslu fyrirtækja í efna- og matvælaíðnaði. Nýlega var sett upp matvælatæknistofa á deildinni, þar sem unnið er að þróun nýrra vörutegunda. Sem dæmi um samstarfsverkefni við fyrirtæki má nefna þróun tilbúinna fiskrétta hjá Marska á Skagaströnd og þróun kartöflurétta, sem unnið verður í samráði við kartöflubændur. Þá má nefna umfangsmikið verkefni um þróun á "snakki" úr fiski. Mun það vera í fyrsta sinn sem tilraun er gerð með slíka vinnslu úr fiski. Á sviði efnaiðnaðar er unnið að ýmsum vöruþróunarverkefnum, einkum á sviði plastiðnaðar. Má þar m.a. nefna þróun á trefjaplathvolfum fyrir fiskræktar- og fjarskiptibúnað.

Málmtæknideild sinnir ýmiss konar eftirliti með meiriháttar mannvirkjagerð. Má nefna m.a. suðueftirlit í tengslum við nýju flugstöðina og eftirlit með hitaveituframkvæmdum, t.d. í Öskjuhlíð. Deildin sér um þjálfun suðumanna og gefur út hæfnisskírteini. Þá er veitt aðstoð við vöruþróun, framleiðsluskipulagningu og notkun nýrrar tækni. Sem dæmi um verkefni sem unnið er í samráði við einstaklinga og fyrirtæki má nefna þróun keðjuláss fyrir troll, handfæra-vindu, rækjudælu, vírasplasingarvél o.fl. Á sviði efnistækni er unnið að rannsóknar- og þróunarverkefni í samráði við innlent fyrirtæki á sviði málmsteypu og þróun nýrra efnasambanda áls. Auk ofangreindra verkefna er unnið að fjölda smærri verkefna á sviði efnisrannsókna, tæringar- og tjónagreininga.

Raftæknideild, Trefjataeknideild og Trétæknideild hafa með höndum gæðaeftirlit og ýmis þróunarverkefni fyrir fyrirtæki í þessum greinum. Meðal nýrra verkefna má nefna sjálfvirknivæðingu hjá framleiðslufyrirtækjum á vegum Raftæknideildar í samráði við rafeindafyrirtæki, vöruþróunarverkefni í samráði við lítil fyrirtæki í ullarvöruframleiðslu og uppsetningu gæðaeftirlits með framleiðslu húsgagna og innréttinga í samráði við alþjóðlega staðla.

Rekstrartæknideild og Staðladeild starfa þverfaglega og taka því þátt í ýmsum sérverkefnum annarra deilda. Rekstrar-tæknideild vinnur m.a. að verkefni með þremur iðnfyrirtækjum um að taka í notkun japanskar aðferðir ("just in time") við framleiðslu- og birgðastýringu. Þá veitir deildin uppfinningamönnum ýmiss konar þjónustu, aðstoðar fyrirtæki við að taka í notkun gæðahringi og veitir ráðgjöf við tölvu-væðingu. Rekstrartæknideild hafði með höndum framkvæmd fyrstu sýningar á hugmyndum og uppfinningum íslenskra hugvitsmanna, sem haldin var á þessu sumri að frumkvæði iðnaðarráðherra. Staðladeild vinnur m.a. að endurskoðun ýmissa íslenskra staðla og útgáfu nýrra, t.d. á sviði tölvu-tækni. Nú í haust stóð deildin fyrir heimsókn þekkt sænsk stöðlunarsérfræðings í iðnaði, sem veitti iðnfyrirtækjum ráðgjöf um hvernig nota á staðla og kynnti sér stöðu stöðlunarmála hér á landi og gerði tillögur um framtíðar-skipan þeirra.

Nýiðnaðardeild

Deildin hefur það markmið að stuðla að stofnun nýrra fyrirtækja eða nýrrar framleiðslu innan starfandi iðnaðar. Meðal verkefna deildarinnar um þessar mundir eru: Þróun aðferða til framleiðslu oxíðdufts (ceramics), en notkun afurða úr þessu efni vex nú mjög, einkum í bílaiðnaði. Samstarfsfyrirtæki í verkefninu er sænska stórfyrirtækið ASEA, en járnblandiverksmiðjan á Grundartanga hefur sýnt mikinn áhuga á að tengjast því. Þá er unnið að þróun aðferða til framleiðslu kíslar til útflutnings í samvinnu við Hitaveitu Suðurnesja. Á sviði líftækni er unnið að viðamiklu þróunarverkefni um framleiðslu próteinkljúfandi ensíma úr hitapolnum hveraörverum. Markmið verkefnisins er að byggja upp færni, tækjabúnað og aðstöðu til tilraunaframleiðslu á örveruensímum og vinna að því að stofnað verði hérlandis á næstunni fyrirtæki sem framleiði hitapolin ensím til útflutnings.

Á næstu árum verður lögð sérstök áhersla á upplýsingatækni, efnistækni og matvælatækni.

Rætt hefur verið um að auka sjálfstæði Iðntæknistofnunar og í því sambandi sá möguleiki ræddur að rekstrarformi hennar verði breytt í sjálfseignarstofnun. Engin ákvörðun hefur þó verið tekin um þessi mál enn.

Niðurstöður rekstrar 1985

	Yfir- stjórn	Iðntækni- þjónusta	Nýiðnaðar- rannsóknir	Fræðslu- mál, samt.	Framleiðni átak	ITÍ Samtals
Laun og launat. gjöld	6.475	16.413	5.095	3.180	950	32.113
Rekstrargjöld	8.358	8.780	3.033	3.916	2.135	26.222
Stofnkostnaður	801	6.954	928	271	31	8.915
Samtals gjöld	15.634	32.147	9.056	7.367	3.116	67.320
Sértekjur	1.374	19.033	3.541	4.271	234	28.453
Ríkisframlag	12.734	8.113	2.676	3.686	5.000	32.209

Hlutfall sértekna af launa- og rekstrarkostnaði 48,7%.
Heildarfjöldi starfsmanna er um 60.

Framtíð

Til að geta sinnt hlutverki sínu þarf Iðntæknistofnun að hafa á að skipa góðum tækjakosti og hækka fólki sem völ er á, þannig að iðnfyrirtækin leiti til stofnunarinnar um laun þeirra viðfangsefna, sem starfsmenn fyrirtækjanna ráða ekki við. Stærð stofnunarinnar leyfir ekki, að til staðar sé sérfræðipekking á öllum þeim sviðum sem stofnunin á að sinna. Það verður því að velja áherslusvið í samræmi við þarfir iðnaðarins hverju sinni. Jafnframt er mikilvægt, að stofnunin sé í nánú samstarfi við innlend og erlend fyrirtæki og stofnanir til að geta leyst vandamál, sem upp kunna að koma. Á næstu árum mun stofnunin leggja sérstaka áherslu á vörupróun og innleiðslu nýrrar tækni með framleiðniaukningu í huga.

Vörupróun er lykilatriði í þeim umskiptum sem framundan eru, frá framleiðslusinnuðum rekstri til markaðssinnaðs rekstrar. Vörupróun á sér fyrst og fremst stað innan fyrirtækjanna. Starfsmenn Iðntæknistofnunar einbeita sér að því að kynna aðferðafræði vörupróunar, aðstoða fyrirtæki við stýringu á vörupróunarverkefnum og veita aðstoð við hönnun, frumgerðasmíði og tæknilegar útfærslur. Stofnunin stefnir að því að koma upp verkstæðum og rannsóknastofum fyrir vörupróun á sem flestum sviðum.

Iðntæknistofnun mun einbeita sér að því að aðhæfa nýja tækni þörfum starfandi iðnaðar og þróa iðnað, sem byggist á nýrri tækni. Trétæknideild hefur boðið út á markað íslenskra rafeindafyrirtækja "pilot" verkefni um tölvustýringu í tré-iðnaði. Raftæknideild er í samvinnu við Iðnþróunarsjóð að hefja verkefni um sjálfvirknivæðingu í matvæla-, efna- og

málmiðnaði. Tæknibreytingar auka mikilvægi söfnunar, miðlunar og úrvinnslu upplýsinga. Stofnuninni ber að fylgjast með þeim nýjungum, sem fram koma, og miðla þeim til íslenskra fyrirtækja með útgáfustarfsemi, upplýsingaþjónustu, ráðgjöf og námskeiðahaldi.

RAFMAGNSEFTIRLIT RÍKISINS

Rafmagnseftirlit ríkisins starfar eftir lögum nr. 60/1979 og nánari ákvæðum í reglugerð um raforkuvirki nr. 264 31. desember 1971, með áorðnum breytingum.

Lögin kveða á um, að eftirlit af hálfu ríkisins með vörnum gegn hættu og tjóni af raforkuvirkjum skuli vera í höndum Rafmagnseftirlits ríkisins. Það skal rekið sem sjálfstæð stofnun með sérstöku reikningshaldi og heyrir undir ráðherra þann, sem fer með orkumál.

Hinn 1. júlí 1933 tók gildi reglugerð um raforkuvirki, sem gefin var út 14. júní 1933 af Atvinnu- og samgöngumála-ráðuneytinu, samkvæmt lögum nr. 83 23. júní 1932. Þessi reglugerð var í gildi með breytingum og viðbótum uns reglugerð um raforkuvirki nr. 264 31. desember 1971 tók gildi 1. júlí 1972. Með gildistöku reglugerðarinnar 1. júlí 1933 hefur að jafnaði verið talið, að Rafmagnseftirlit ríkisins hafi verið formlega stofnað.

Tilgangur og tilhögun starfseminnar

Rafmagnseftirlit ríkisins hefur yfireftirlit með öllum raforkuvirkjum, sem Reglugerð um raforkuvirki lýtur að. Eftirlit RER nær því til raforkuvera, einkarafstöðva, vararafstöðva, spennistöðva, aðveitustöðva, flutnings- og dreifivirkja raforku, iðnaðarveitna, neysluveitna og raffanga.

Með eftirliti sínu ber RER að fylgjast með hönnun og gerð raforkuvirkjanna, starfrækslu þeirra, viðhaldi og gæslu og annast rannsóknir, skýrslugerðir og upplýsingasöfnun um truflanir, tjón og slys af völdum rafmagns. Því ber einnig að fylgjast með, að hvers konar rafföng, innflutt eða smíðuð innanlands, fullnægi lágmarkskröfum um öruggan umbúnað skv. þeim reglum, sem RER ákveður.

Í reglugerð um raforkuvirki eru ákvæði um eftirlit almenningsrafveitna og annarra rafveitna, t.d. iðnaðarveitna. Framkvæmd þess eftirlits er háð yfirumsjón RER.

Rafmagnseftirlitinu er falið að löggilda menn til rafvirkjunarstarfa, meta menntun þeirra, reynslu og hæfni, einnig sem eftirlitsmenn með raforkuvirkjum.

Þá er RER falið samstarf við náttúruverndaraðila um hönnun og frágang raforkuvirkja með tilliti til umhverfis.

Einnig eru ákvæði í lögum um Rafmagnseftirlitið um fræðslu og upplýsingar til almennings um hættu af rafmagni og leiðir til að verjast þeim. Að auki hefur RER ávallt lagt áherslu á

að fræða fagmenn, hvort sem eru starfsmenn fyrirtækja rafverktaka eða rafveitna. Er það gert á ýmsan hátt, t.d. á fundum, í beinum samtölum eða eftir fyrirspurnir í síma.

Alþjóðlegir staðlar og samnorrænar reglur, auk fyrrnefndrar Reglugerðar um raforkuvirki, eru sá bakgrunnur, sem stuðst er við og fylgja ber við hönnun, setningu og smíði, meðferð, gæslu, viðhald og eftirlit allra raforkuvirkja. Með því að fylgja þeim leiðarvísunum verður hættu af völdum raforkuvirkja eins lítil og við verður komið. Með markvissu erlendu samstarfi er leitast við að einfalda störf við endurskoðun og samningu reglna og allt eftirlit, ekki síst raffangaprófun.

Yfirlit yfir starfsemina 1985

Störf Rafmagnseftirlitsins voru með hefðbundnum hætti árið 1985, mannfæð háði þó starfi stofnunarinnar, einkum á sviði háspennueftirlits og raffangaprófunar. Auk yfir- eftirlitsstarfa aðstoðaði RER almenningsrafveitur reglulega og mikið við að sinna reglubundinni eftirlitsskyldu þeirra með neysluveitum. RER skráði alls 58 skýrslur um bruna og önnur tjón á árinu og 3 um slys á mönnum frá rafbúnaði. Ekkert dauðaslys varð á árinu.

Veruleg breyting varð í fræðslustarfsemi stofnunarinnar með það í huga að vekja eftirtekt almennings á hugsanlegum hættum við notkun eða misnotkun rafmagns og kenna rétta umgengni um raflagnir og rafföng. Ráðinn var sérmenntaður maður á sviði fræðslu og upplýsingamiðlunar á fyrri hluta ársins og tveir aðrir starfsmenn unnu tímabundið og að hluta til að þessum málum.

Ráðist var í gerð stuttra þátta á segulböndum, sem ætlaðir voru til flutnings í sjónvarpi, útvarpi og á fundum. Lokið var við gerð 10 stuttra þátta á myndböndum fyrir sjónvarp og 25 stuttra innskotsþátta fyrir útvarp. Fleiri voru í undirbúningi um áramót. Frekari leiðir voru einnig farnar til fræðslu og upplýsingar, t.d. fundir með rafverktökum og starfsmönnum þeirra, rafveitustarfsmönnum og innflytjendum raffanga. Loks voru fræðslufundir í grunnskólum á Austurlandi vegna áhuga og velvildar fræðslustjóra umdæmisins.

Á sviði eftirlits með rafföngum, sem almennt er nefnt raffangaprófun, varð greinilega vart við afleiðingar gífurlegrar eftirlitsherferðar í lampaverslunum rétt fyrir áramótin 1984/1985.

Þá fundust hátt á annan tug mismunandi gerða lampa á markaðinum, sem að mati Rafmagnseftirlitsins voru hættulegir, einkum með tilliti til hættu á íkveikju og brunaskemmda.

Sala og dreifing þessara lampa var bönnuð, en næstu mánuði á eftir bárust Rafmagnseftirlitinu fleiri prófunarskyldir lampar til prófunar og samþykktar en nokkurn tíma áður á sama tímabili.

Starfsfólk

Í byrjun árs 1985 voru starfsmenn Rafmagnseftirlits ríkisins 22, en í lok ársins voru þeir 25, þar af gegndi einn starfsmaður sameiginlegum verkefnum hjá ríkisstofnunum í Síðumúla 13. Að auki keypti RER ráðgjafapjónustu vegna einstakra verkefna, og Orkustofnun annaðist fjármálabókhald að ósk RER eins og undanfarin ár.

Verkefni RER skiptast á starfsmenn eins og hér segir:

Yfirstjórn	
reglugerðarmál	
erlend samskipti	
fræðslumál	
slysa- og tjónarannsóknir	
skrifstofustörf	7-8 starfsmenn
Eftirlit með raforkuvirkjum, þ.e. orkuvirkjunum, flutnings- og dreifikerfum, neysluveitum, einkastöðvum o.fl.	8-9 starfsmenn
Raffangaprófun og markaðseftirlit	8-9 starfsmenn

Fjármál

Til rekstrar Rafmagnseftirlits ríkisins var aflað tekna samkvæmt 1. lið 9. gr. laga nr. 60/1979, þ.e. að raforkuver og rafveitur greiddu 1,0% af heildartekjum af raforkusölu og leigu mælitækja, að frádragnum andvirði aðkeyptrar raforku, söluskatti og verðjöfnunargjaldi, þó að undanskilinni raforkusölu til álverksmiðjunnar í Straumsvík og til járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga. Að auki voru tekjur af sérstökum verkefnum.

Rekstrarreikningur RER árið 1985 var sem hér segir:

	1985 (þús.kr.)
Rekstrartekjur	35.130
Rekstrargjöld	(31.301)
Fjármagnstekjur (gjöld)	
Hagnaður (tap)	3.829

Á árinu 1986 er hins vegar ekki gert ráð fyrir að rekstrar-
afgangur verði af starfseminni.

Stjórn

Í september 1985 skipaði þáverandi iðnaðarráðherra eftir-
talda menn í stjórn RER til loka árs 1986:

Helga G. Þórðarson, verkfræðing, formann
Helga Ólafsson, hagfræðing
Baldur Pétursson, viðskiptafræðing

Rafmagnseftirlitsstjóri ríkisins er Bergur Jónsson, verk-
fræðingur.

ÚTFLUTNINGSMIÐSTÖÐ IÐNAÐARINS

Útflutningsmiðstöð iðnaðarins er sjálfstæð stofnun, er starfar skv. lögum nr. 14 frá 1971. Stofnendur voru: Félag ísl. iðnrekenda, Landssamband iðnaðarmanna, Samband ísl. samvinnufélaga, Iðnaðarráðuneytið og Viðskiptaráðuneytið. Markmið og tilgangur Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins er að stuðla að auknum útflutningi íslenskra iðnaðarvara.

Starfsemi Útflutningsmiðstöðvarinnar hefur verið fjármögnuð með 2/7 hlutum Iðnlánasjóðsgjalds, fjárveitingu ríkissjóðs auk styrkja frá Iðnlánasjóði og fleiri sjóðum til einstakra verkefna.

Stjórn

Stjórn Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins 1985-1986: Ragnar Halldórsson, FÍI, formaður, Ágúst Ágústsson, FÍI, Þorleifur Jónsson, LI, Jón Sigurðsson, SÍS, Sveinn Björnsson, Viðskiptaráðuneyti, Árni Þ. Arnason, Iðnaðarráðuneyti. Framkvæmdastjóri er Þráinn Þorvaldsson.

Stefnumótun

Útflutningsmiðstöð iðnaðarins vill vinna skipulega að markaðssetningu ísl. útflutningsvara á ákv. mörkuðum. Þess vegna hefur verið lögð rík áhersla á eftirfarandi svæði: Norðurlönd, Þýska svæðið, Bretland og Írland, N-Ameríku og Japan. Á árinu 1985 var mikil vinna lögð í að afla þessum hugmyndum fylgis. Stofnun samstarfshópa um útflutning á matvælum og vörum fyrir sjávarútveg á árinu var liður í framkvæmd þessarar stefnu. Unnið var að mótun skipulegs markaðsátaks á ákveðnum markaðssvæðum.

Áróður og hvatning

Á árinu 1985 voru fyrirtæki víðs vegar á landinu heimsótt og rætt við starfsfólk og stjórnendur. Unnið var með fjölmiðlafólki og reynt að koma áhugaverðum frásögnum um útflutningsfyrirtæki á framfæri.

Menntun

Á árinu 1985 var unnið að menntunarmálum á þennan hátt: Kennarar í þeim fimm skólum á landinu, sem kenna markaðsmál, voru kallaðir saman til fundar í nóvember. Útflutningsmiðstöðin vill stuðla að því að aðstoða þessa aðila við að auka hlut markaðsmála í viðskiptakennslu. Í byrjun sumars 1985 var ákveðið að vinna að stofnun sérstaks skóla, sem sérhæfði sig í markaðs- og útflutningsmálum. Stjórn Útflutningsmiðstöðvarinnar ákvað að leita samstarfs við Stjórnunarfélag Íslands um stofnun og rekstur skólans.

Forráðamenn Stjórnunarfélagsins brugðust vel við og hafist var handa við undirbúning stofnsetningar skólans. Ákveðið var að leita til Útflutningsskóla norska Útflutningsráðsins um samstarf í námskeiðahaldi.

Útflutnings- og markaðsskólinn var síðan stofnaður í janúar 1986.

Þátttaka Útflutningsmiðstöðvarinnar í starfi ETPO

ETPO Working Committee er vinnuhópur útflutningsmiðstöðva í Evrópu, sem sérhæfir sig í upplýsingaöflun og upplýsingadreifingu um markaði og sölumál. Íslendingar tóku þátt í þessum hóp í fyrsta sinn árið 1985.

Fyrirtækjaaðstoð

Sem fyrr lagði Útflutningsmiðstöðin áherslu á það árið 1985 að aðstoða eftir megni þau fyrirtæki, sem þangað leituðu. Sá hluti starfsemi Útflutningsmiðstöðvarinnar, sem flokkast undir fyrirtækjaaðstoð, er mjög fjölbreyttur. Þau verkefni, sem leyst voru á árinu 1985, voru allt frá aðstoð við gerð útflutningsskjala til skipulagningar á þátttöku í vörusýningum erlendis.

Markaðsráðgjöf

Sænski markaðsráðgjafinn Jan Hennig, sem árið 1983 var fenginn til þess að afla íslenskum afurðum markaða á Norðurlöndum, hélt áfram starfi sínu á árinu 1985. Alls var rætt við 37 fyrirtæki um áhuga þeirra á að afla markaða á Norðurlöndunum og var niðurstaðan sú að 21 fyrirtæki tók þátt í sjálfu verkefninu. Lítil sem engin gögn um aðra markaði en Ísland voru fyrir hendi og var því talsverðum tíma í byrjun varið í að afla frumgagna um markaðina á hinum Norðurlöndunum.

Vörusýningar og kynningar

Árið 1985 tóku íslensk fyrirtæki í svokölluðum stuðningsgreinum við sjávarútveg, þátt í sex sjávarútvegssýningum. Þessar sýningar voru haldnar í Bandaríkjunum, Noregi, Englandi, á Spáni og á Ítalíu. Af fyrrnefndum sýningum var mest áhersla lögð á sjávarútvegssýninguna í Vigo á Spáni, sem haldin var um miðjan september 1985. Þar sýndu 10 íslensk iðnfyrirtæki framleiðsluvörur sínar. Þær vörur, sem einna mesta athygli vöktu, voru töluvogir til notkunar um borð í fiskiskipum, vinnslulínur fyrir fisk og búnaður til flutnings og meðhöndlunar á fiski.

Um miðjan september var haldin í Laugardalshöll sýning á búnaði til notkunar við fiskeldi. Sem vænta mátti var þátt-

taka íslenskra fyrirtækja hlutfallslega mikil á þessari sýningu. Draga má þá ályktun af því sem sýnt var á þessari sýningu að hér á landi er að byggjast upp nokkuð mikill iðnaður í kringum byggingu fiskeldistöðva.

Snemma í maí var haldin árleg norræn húsgagnasýning í Kaupmannahöfn, sem ber nafnið Scandinavian Furniture Fair. Á sýningu þessari voru tvö íslensk fyrirtæki: AXIS og Víðir. Auk þeirra tóku þátt í þessari sýningu fyrirtæki frá 16 löndum.

Dagana 17.-20. september sl. fór fram Íslandskynning í Hollandi. Til undirbúnings kynningarinnar var 10 erlendum blaðamönnum boðið til Íslands í byrjun september 1985 og var farið með þá í fyrirtæki í Reykjavík og nágrenni. Blaðamenn þessir gerðu Íslandi og því sem Ísland hefur upp á að bjóða mjög góð skil í hollenskum fjölmiðlum. Útflutningsmiðstöðin annaðist undirbúning og framkvæmd kynningarinnar í Hollandi, en að henni stóðu alls 18 fyrirtæki.

Fyrirtækin buðu til tveggja kynningarkvölda. Það fyrra var í Rotterdam og hið seinna var í Amsterdam, þar sem helstu viðskiptaaðilum fyrirtækjanna var boðið. Hápunktur kynningarinnar var þó móttakan sem haldin var í Haag og var boðið til þeirrar móttöku í nafni Einars Benediktssonar sendiherra í London. Heiðursgestur var forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir. Til þessarar móttöku mættu hátt á þriðja hundrað manns og meðal gesta voru sex ráðherrar úr hollensku ríkisstjórninni.

Útflutningshópar

Útflutningshópur í matvælum var stofnaður 31. október 1985. Hópurinn samanstendur af átta fyrirtækjum, er framleiða tilbúin matvæli. Ernst Hemmingsen, hagfræðingur, er markaðsstjóri hópsins. Tilgangur hópsins er að efla útflutning matvæla í neytendaumbúðum fyrir smásöluverslanir. Sérstök áhersla er lögð á tilbúna rétti og er ætlun að markaðssetja vörurnar undir sameiginlegu vörumerki.

Útflutningshópur er vinnur að sameiginlegu markaðsátaki fyrirtækja er framleiða veiðarfæri og búnað til fiskveiða var stofnaður 17. júlí 1985. Að honum standa alls fimm fyrirtæki. Valdimar Kristjánsson var ráðinn markaðsstjóri hópsins. Megintilgangur með stofnun þessa hóps var að sameina markaðskrafta viðkomandi fyrirtækja á mörkuðum vestanhafs.

Samstarf

Samstarf milli Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins, Iðnþróunar-
sjóðs og dönsku markaðsskrifstofunnar AIM hefur staðið frá

árinu 1984. Þessi ráðgjöf beinist einkum að uppbyggingu og markaðsstarfsemi íslenskra fyrirtækja, fyrst og fremst með það í huga að styrkja starfsemi þeirra í útflutningi.

Samstarf Útflutningsmiðstöðvarinnar við hagsmunasamtök iðnaðarins var með nokkuð hefðbundnu sniði árið 1985. Frá upphafi hefur stofnunin haft samvinnu við Félag ísl. iðnrekenda um skrifstofuhald og annað sem því tengist. 1. desember flutti Útflutningsmiðstöðin í nýtt húsnæði að Lágmúla 5 og má þá segja að nýr kafli hefjist í sögu stofnunarinnar.

Viðskiptafulltrúar erlendis

Á grundvelli samkomulags milli utanríkisþjónustunnar og Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins var opnuð viðskiptafulltrúaskrifstofa við aðalræðisskrifstofuna í New York í mars 1985. Viðskiptafulltrúi var ráðinn Úlfar Sigurmundsson, fyrrverandi framkv.stj. Útflutningsmiðstöðvarinnar.

Árið 1985 var annað árið, sem skrifstofa Útflutningsmiðstöðvarinnar er starfrækt í Færeyjum, en Björn Guðmundsson veitir henni forstöðu. Þungamiðjan í starfsemi skrifstofunnar var fyrirgreiðsla við íslenska útflytjendur og aðgerðir er miða að aukningu á sölu íslenskra iðnaðarvara til Færeyja. Auk þess var unnið að almennum landkynningarmálum og öðrum þáttum er orðið gætu til aukningar á samskiptum milli Íslendinga og Færeyinga.

Kynnisferðir til útlanda

Á árinu 1985 gekkst Útflutningsmiðstöðin fyrir nokkrum kynnisferðum, en markmið þeirra var að auka skilning íslenskra aðila á markaðsaðstöðu þar. Má þar einkum nefna veiðarfæraframleiðendur og húsgagnaframleiðendur er fóru til Bandaríkjanna, auk átta manna hóps, sem fór til Nuuk á Grænlandi og kynnti þar sjávarútvegsvörur.

Rekstrarreikningur fyrir árin 1985 og 1984

Rekstrartekjur:	1985 (þús.kr.)	1984 (þús.kr.)
Iðnlánasjóðsgjald	12.400	
Framlag ríkissjóðs	4.500	2.899
Iðnþróunarsjóður	3.000	5.500
Iðnlánasjóður	1.000	
Framlag þátttakenda		
Seld þjónusta	9.282	4.432
Rekstrartekjur samtals:	30.182	12.831

Rekstrargjöld	(29.093,00)	(13.260)
Fjármagnstekjur (gjöld)	(369)	(87)
Hagnaður (tap)	720	(516)
	1985	1984
	<u>(þús.kr.)</u>	<u>(þús.kr.)</u>
Eignir	5.755	937
Skuldir	(4.218)	(302)
Eigið fé	1.537	635)

IÐNLÁNASJÓÐUR

Tilgangur

Iðnlánasjóður, sem stofnaður var með lögum nr. 12/1935, hefur þann tilgang að styðja íslenskan iðnað með hagkvæmum stofnlánum, og veitir hann stofnlán sem hér segir:

1. Til véla- og tækjakaupa fyrir iðnaðinn.
2. Til byggingar verksmiðju- og iðnaðarhúsa.
3. Til endurskipulagningar iðnfyrirtækja.
4. Til hagræðingar í iðnrekstri.
5. Til framkvæmda er auka hollustu og öryggi og bæta starfsumhverfi á vinnustöðum.

Iðnlánasjóði er heimilt, ef sérstakar ástæður mæla með því, að mati sjóðsstjórnar, að lána iðnfyrirtækjum til fasteignakaupa. Þeir aðilar, sem gjald greiða til Iðnlánasjóðs af rekstri sínum, samkvæmt 5. gr. laga sjóðsins, skulu að öðru jöfnu hafa forgang til lána úr sjóðnum.

Eftirspurn og lánveitingar

Árið 1985 bárust sjóðnum 270 umsóknir í stað 365 umsókna 1984 eða 26% færri. Lánsbeiðnir í krónum talið jukust hins vegar fjórða árið í röð, eða um 24%, og námu 918,2 m.kr. í stað 739,1 m.kr. árið áður. Ráðstöfunarfé sjóðsins jókst hins vegar meir en eftirspurnin á árinu 1985. Munar þar mestu um auknar heimildir til lántöku. Eins jókst eigið ráðstöfunarfé sjóðsins á árinu þó aukningin þar sé hlutfallslega minni vegna sívaxandi beiðna um skuldbreytingar eldri lána.

Fjöldi afgreiddra lána 1985 var 292 en 276 árið áður. Árið 1984 voru afgreidd lán að fjárhæð 557,3 m.kr. á móti 352,5 m.kr. árið áður. Nemur aukningin 58%.

Vöruþróunar- og markaðsdeild

Um mitt árið 1984 var með lögum stofnuð deild hjá Iðnlánasjóði, vöruþróunar- og markaðsdeild. Sú deild tók við rekstri Iðnrekstrarsjóðs, en hann var lagður niður með sömu lögum 1. júlí 1984. Hlutverk vöruþróunar- og markaðsdeildar er eftirfarandi:

- að stuðla að vöruþróun og aukinni samkeppnishæfni iðnaðarins,
- að örva nýsköpun,
- að auka útflutning iðnaðarvara.

Hlutverk sitt skal vöruþróunar- og markaðsdeild rækja m.a. með eftirfarandi aðgerðum:

1. Lánnum til vöruþróunar, hönnunar og annarrar nýsköpunar.
2. Lánnum til útflutnings- og markaðsstarfsemi.
3. Framlögum til nýrra útflutningsverkefna, þróunarverkefna og til rannsókna í iðnaði.
4. Kaupum og sölu á hlutabréfum í starfandi fyrirtækjum og þátttöku í stofnun nýrra fyrirtækja.
5. Veitingu ábyrgða á lánum hjá bönkum og sparisjóðum.

Árið 1985 er í raun fyrsta starfsár deildarinnar, en seinni hluta árs 1984 var starfsemin í lágmarki því auknir og nýir tekjustofnar komu ekki til framkvæmda fyrr en á árinu 1985. Árlegt ráðstöfunarfé vöruþróunar- og markaðsdeildar er 4/7 hlutar iðnlánasjóðsgjalds, framlag ríkissjóðs af fjárlögum og innborgaðar afborganir og vextir af útlánum deildarinnar og nam sú fjárhæð 1985 um 63 millj. kr.

Alls barst 51 umsókn um lán á árinu að upphæð 60.717 þús. kr. Samþykkt voru 35 lán samtals að upphæð 32.598 þús. kr. eða um 73,3% af heildarsamþykktum til vöruþróunar- og markaðsaðgerða. Skipting milli vöruþróunar annars vegar og markaðsaðgerða hins vegar var þessi:

Vöruþróun	22.485 þús. kr.
Markaðsaðgerðir	10.113 " "
Alls samþykkt	<u>32.598 þús. kr.</u>

Vextir af lánum eru breytilegir og háðir ákvörðun stjórnar á hverjum tíma, auk þess sem þau eru bundin lánskjaravísitölu. Vextirnir voru upphaflega 5,5%, voru 7% um síðustu áramót. Lánstími er yfirleitt 3-5 ár, en er ákveðinn með hliðsjón af væntanlegum árangri þess verkefnis, sem lánað er út á.

Alls bárust 69 umsóknir um styrki á árinu að upphæð 23.692 þús. kr. Hins vegar voru samþykktir styrkir að upphæð 11.883 þús. kr. eða um 26,7% af heildarsamþykktum til vöruþróunar- og markaðsaðgerða. Skipting milli vöruþróunar- og markaðsaðgerða var þessi:

Vöruþróun	974 þús. kr.
Markaðsaðgerðir	10.909 " "
Alls samþykkt	<u>11.883 þús. kr.</u>

Samkvæmt lögum sjóðsins hefur vöruþróunar- og markaðsdeildin heimild til að kaupa og selja hlutabréf í starfandi fyrirtækjum og þátttöku í stofnun nýrra fyrirtækja. Þar sem

tilgangur hlutabréfakaupa er að leysa tímabundin vandamál skal stefnt að því, að sjóðurinn selji hlutabréfin aftur innan 5 ára frá kaupdegi. Miðað skal við að þátttaka sjóðsins fari ekki yfir 30% af hlutafé viðkomandi fyrirtækis og á hverjum tíma skal aldrei meira en 30% af eigin fé deildarinnar varið á þennan hátt. Gæta skal þess, að ekki séu í samþykktum félaga eða fyrirtækja, sem sjóðurinn eignast hlut í, ákvæði er takmarka sölu hlutabréfa. Heildarhlutabréfaeign og veitt hlutafjárloforð Iðnlánasjóðs 31. desember 1986 sundurliðast þannig:

	Nafnverð
Þróunarfélag Íslands h.f.	30.000.000
Vogun h.f.	5.200.000
Nord-Invent	3.703.793
Fjárfestingarfélag Íslands h.f.	1.497.877
Tækniþróun h.f.	1.000.000
Snú h.f.	900.000
Glit h.f.	70.000
Samtals	<u>42.371.670</u>

Lántökur sjóðsins

Sívaðandi hluti af ráðstöfunarfé sjóðsins eru nýjar lántökur, og er nú svo komið að um 85% af ráðstöfunarfé sjóðsins 1985 voru ný lán.

Þau skiptust þannig:

Lán bundin lánskjaravísitölu með vöxtum 6,25%	m.kr. 200
Lán háð gengi bandaríkjadollars með 1% yfir LIBOR	m.kr. 140
Lán háð gengi japansks yens með 1,375% vöxtum yfir skammtíma vöxtum á japönskum yenum	m.kr. 50
Lán háð gengi vestur-þýska marksins með föstum 9% vöxtum	<u>m.kr. 100</u>
Samtals	<u>m.kr. 490</u>

Lánskjör sjóðsins

Útlánsvextir sjóðsins voru hækkaðir hinn 15. apríl 1985. Vextir byggingalána voru hækkaðir úr 6% í 7% en vextir véla-lána úr 5,5% í 7%. Gildir vaxtahækkunin einnig fyrir útistandandi lán. Báðir lánaflokkar sjóðsins eru bundnir lánskjaravísitölu að fullu og lántökugjald er 1%.

Lántaki velur sjálfur lengd lánstíma, en hámarkslánstími byggingalána er 15 ár en véralána 7 ár. Lánin eru endurgreidd með jöfnum greiðslum og er gefinn kostur á einni eða tveim endurgreiðslum á ári.

Á miðju ári 1985 ákvað stjórn sjóðsins að gengistryggja hluta útlána. Með því vill stjórnin minnka þá áhættu og óvissu sem felst í því að stór hluti innlána er háður gengi erlendra mynta á meðan útlán fylgja lánskjara- og bygginga-visitölu. Ákveðið var að gengistryggja véralán yfir 700.000,00 og byggingalán yfir kr. 5.000.000,00 og átti það við umsóknir er bárust eftir 15. september 1985. Þau útlán, sem undir þetta falla, eru háð gengi SDR, sérstakra dráttar-réttinda Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, og voru vextir ákveðnir 10%. Um síðustu áramót var vægi einstakra mynta í SDR-gengiskröfunni sem hér segir:

Bandaríkjadollari	USD	42%
Þýskt mark	DEM	19%
Japanskt yen	JPY	15%
Franskur franki	FRF	12%
Sterlingspund	GBP	12%

Rekstur og efnahagur

Staða skv. rekstrar- og efnahagsreikningi:

	1985 <u>þús.kr.</u>	1984 <u>þús.kr.</u>	1983 <u>þús.kr.</u>
Rekstrartekjur	887.782	349.980	533.216
Rekstrargjöld	(695.656)	(423.882)	(532.098)
Hagnaður (Tap)	192.126	(73.902)	1.118
Eignir	2.877.658	1.759.896	1.224.916
Skuldir	(2.137.518)	(1.349.974)	(868.286)
Eigið fé	740.140	409.923	356.630

Við uppgjör sjóðsins var beitt sömu reikningsskilaaðferðum og fyrir árið 1984. Áfallnir vextir og verðbætur í árslok af gengistryggðum lánnum eru uppfærð á gengi 31. desember 1985. Ennig er færð til gjalda í rekstrarreikningi reiknuð gjaldfærsla vegna verðlagsbreytinga þar sem peningalegar eignir sjóðsins voru umframskuldir. Nam sú færsla 138.357 þús. kr.

Innborgað iðnlánasjóðsgjald var á árinu 1985 41.250 þús.kr., en hafði verið á árinu 1983 1.800 þús. kr. Ljóst er að samanburður á milli ára er erfiður vegna þeirrar röskunar sem varð er iðnlánasjóðsgjald var hækkað árið 1984 úr 0,05% í 0,25% af aðstöðugjaldsstofni.

Framleiðslugjald á áli var 1.781 þús. kr. árið 1985 í stað

2.472 þús. kr. árið áður eða lækkun um 28%.

Rekstrarkostnaður Iðnlánasjóðs varð 18.685 þús. kr. 1985 á móti 9.661 þús. kr. árið áður.

Framlög til hagrannsóknna námu 858 þús. kr. 1985 í stað 660 þús. kr. árið áður.

Heimilt er skv. lögum sjóðsins að verja allt að 10% af iðnlánasjóðsgjaldi til að greiða fyrir hagrannsóknnum í þágu iðnaðarins og aðgerðum, er stuðla að þjóðhagslega hagkvæmri iðnþróun í landinu. Ráðstafar stjórn sjóðsins framlögum þessum í samráði við stjórnir Félags íslenskra iðnrekenda og Landssambands iðnaðarmanna.

Starfsaðstaða og stjórn

Iðnlánasjóður er lögum skv. í umsjón Iðnaðarbanka Íslands h.f., og hefur sjóðurinn aðsetur í húsnæði bankans, Lækjargötu 12, Reykjavík.

Iðnaðarráðherra skipar sjóðnum þriggja manna stjórn. Með bréfi ráðuneytisins, dags. 29. júní 1983, voru eftirfarandi skipaðir í stjórnina til næstu fjögurra ára:

Jón Magnússon, hdl., formaður, skipaður án tilnefningar, Gunnar S. Björnsson, húsasmiðameistari, skv. tilnefningu Landssambands iðnaðarmanna, og Ólafur Davíðsson, framkvæmdastjóri, skv. tilnefningu Félags íslenskra iðnrekenda.

Bankastjórar Iðnaðarbankans eru framkvæmdastjórar sjóðsins, en samkvæmt verkskiptingu bankastjórana annast Bragi Hannesson, bankastjóri, daglega framkvæmdastjórn sjóðsins. Skrifstofustjóri sjóðsins er Gísli Benediktsson, viðskiptafræðingur.

IÐNÞRÓUNARSJÓÐUR

Iðnþróunarsjóður var stofnaður með lögum nr. 9 frá 13. febrúar 1970, á grundvelli sérstaks samnings milli ríkisstjórna Norðurlanda. Stofnfé sjóðsins nam jafnvirði 14 milljóna USD. Tilgangur sjóðsins er að stuðla að tækni- og iðnþróun Íslands við aðild landsins að EFTA og auðvelða aðlögun iðnaðarins að breyttum markaðsaðstæðum, stuðla að þróun útflutningsiðnaðar og leggja áherslu á aukio samstarf á sviði iðnaðar og viðskipta á milli Íslands og annarra Noðurlanda.

Breyting á lögum Iðnþróunarsjóðs

Hinn 20. apríl 1985 skipaði iðnaðarráðherra nefnd til að endurskoða ákvæði laga og stofnsamning sjóðsins og gera tillögur um æskilegar breytingar. Skyldi nefndin fyrst og fremst taka til athugunar hvort æskilegt væri að útvíkka starfshætti sjóðsins þannig, að hann tæki aukinn þátt í áhættufjármögnun og þá með hvaða hætti. Einnig skyldi tekið til athugunar hvort æskilegt væri að víkka verksvið sjóðsins. Nefndin skilaði álitserð og tillögum til ráðherra. Hinn 7. júní samþykkti Alþingi lög er heimiluðu ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á samningi um sjóðinn.

Meginefni breytinga er, að verksvið sjóðsins er víkkað. Skal tilgangur sjóðsins vera að stuðla að uppbyggingu alhliða og samkeppnishæfs atvinnulífs á Íslandi, með megináherslu á tækni- og iðnþróun. Þá er gert ráð fyrir sveigjanlegri lánskjörum og heimilað að taka lán í öðrum gjaldmiðli en USD. Skulu þau endurlánuð í sama gjaldmiðli. Lán sem veitt eru af eigin fé sjóðsins má veita í öðrum gjaldmiðli, eftir ákvörðun stjórnar sjóðsins. Loks gera lögin ráð fyrir heimild til kaupa og sölu hlutabréfa með vissum takmörkunum, er ákveðin verða í reglugerð.

Formlegri breytingu á samningi Noðurlandanna, svo sem áður-nefnd lög gera ráð fyrir, varð eigi lokið fyrr en í byrjun ársins 1986.

Stjórn og framkvæmdastjórn

Samkvæmt lögum Iðnþróunarsjóðs hefur sjóðurinn sérstaka stjórn og framkvæmdastjórn. Stjórnin er skipuð 5 aðalmönnum og 5 varamönnum, einum frá hverju landi.

Iðnaðarráðherra Íslands skipar fulltrúa Íslands í sjóðinn til þriggja ára, svo og einn varamann. Skipaðir til þriggja ára frá 12. mars 1985 að telja:

Jóhannes Nordal, seðlabankastjóri, aðalmaður, og Friðrik Sophusson, alþingismaður, varamaður.

Í framkvæmdastjórninni eiga sæti fjórir fulltrúar íslenskra viðskiptabanka, einn fulltrúi Iðnlánasjóðs og framkvæmdastjóri sjóðsins.

Lánskjör

Samkvæmt lögum sjóðsins eru lán hans að fullu gengistryggð og miðuð við Bandaríkjadóllar.

Útlánsvextir voru 11,5% frá 1. október 1984 en lækkuðu í 11,0% 1. maí 1985.

Starfsemin

Á árinu 1985 voru til afgreiðslu 74 umsóknir um fjárfestingarlán, að upphæð 658 m.kr., borið saman við 84 umsóknir að upphæð 554 m.kr. árið 1984.

Samþykkt voru 52 lán að upphæð 410 m.kr.

Lög sjóðsins gera ráð fyrir því að ráðstafa megi ákveðnum hluta af fjármagni hans með sérstökum kjörum. Lán þessi eru óverðtryggð. Vextir af lánum þessum voru 32% í lok ársins. Veitt eru lán til vel skilgreindra verkefna, sem miða að þróun efna og afurða er stuðla að nýsköpun í iðnaðarframleiðslu, og til erlendra markaðsöflunar. Ef um er að ræða verkefni sem mikil áhætta fylgir, getur framkvæmdastjórn sjóðsins breytt lánum í styrk, leiði verkefni ekki til arðbærrar framleiðslu.

Samþykkt voru áhættulán að upphæð 7,4 m.kr., eða sama upphæð og árið 1984. Á árinu voru samþykktir 15 styrkir að upphæð samtals 6.033 þús. kr. Stærstum hluta styrkveitinga á árinu 1985 var, eins og árið áður, varið til útflutningsmála. Í samstarfi við Útflutningsmiðstöð iðnaðarins var unnið að svonefndu útflutningsverkefni. Markmið þess var að leiðbeina fyrirtækjum við skipulagningu og starfsaðferðir við sókn á erlenda markaði. Að verkefninu unnu erlendir ráðgjafar og starfsmenn Útflutningsmiðstöðvarinnar, og nutu þeir í því sambandi sérstakrar þjálfunar. Greiddur styrkur vegna verkefnisins nam 2,6 m.kr.

Samþykktur var styrkur til greiðslu hluta af kostnaði við staðsetningu markaðsfulltrúa í New York, að upphæð 3,0 m.kr.

Þá var á árinu samþykktur styrkur til Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins að upphæð 485 þús. kr. til útgáfu handbókar til leiðbeininga fyrir útflytjendur. Fínnið voru samþykktir 3 styrkir til Félags íslenskra iðnrekenda að upphæð samtals 460 þús. kr. Var hér í fyrsta lagi um að ræða útgáfu handbókar fyrir stjórnendur við tölvuvæðingu og tölvuval, í öðru lagi könnun á hagkvæmni þess að taka í notkun tölvu við

sníðagerð í íslenskum fataiðnaði og í þriðja lagi athugun á möguleikum iðnfyrirtækja fyrir undirverktakastarfsemi fyrir IBM.

Útborgaðir styrkir á árinu námu 7.943 þús. kr.

Endurgreiðsla stofnfjár

Í stofnsamningi Iðnþróunarsjóðs segir að frá 10. ári skuli, eftir nánari ákvörðun sjóðsstjórnarinnar, endurgreiða vaxtalaust í áföngum á næstu 15 árum stofnframlög Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, að upphæð 13,5 millj. USD. Endurgreiðsla stofnfjár á árinu nam 400 þús. USD. Námu heildarendurgreiðslur stofnfjár í árslok 1.460 þús. USD.

Lántökur

Í nóvember 1985 var undirritaður samningur við Norræna fjárfestingarbankann um lán að jafnvirði 1,2 millj. USD. Heildarlántökur sjóðsins við árslok 1985 námu 275 m.kr.

Starfsaðstaða

Samkvæmt ákvæðum laga um Iðnþróunarsjóð veitir Seðlabanki Íslands sjóðnum nauðsynlega starfsaðstöðu og er aðsetur sjóðsins í húsnæði Seðlabanka Íslands. Veitir bankinn sjóðnum ýmiss konar þjónustu, svo sem við innheimtu lána, lögfræðiaðstoð o.fl. Fastir starfsmenn sjóðsins eru, auk framkvæmdastjóra, tveir fulltrúar og einn ritari.

Rekstur og efnahagur

Eftirfarandi yfirlit sýnir niðurstöður rekstrar- og efnahagsreikninga árin 1983, 1984 og 1985 (í þús. kr.):

	1985 (þús.kr.)	1984 (þús.kr.)	1983 (þús.kr.)
Fjármunatekjur	246.700	531.658	459.110
Fjármagnsgjöld	(86.851)	(429.042)	(383.115)
Rekstrarkostnaður	(9.305)	(7.058)	(4.592)
Greiddir styrkir	(7.943)	(4.982)	(3.313)
Lagt á afskr.reikn.útlána	(15.574)	-	
Hagnaður (tap)	127.027	90.576	68.090
Eignir	1.945.830	1.590.086	1.014.839
Skuldir	(482.147)	(283.957)	(526.728)
Eigið fé	1.463.682	1.306.129	488.111
-Stofnframlag	528.185	525.364	
-Óráðstafað eigið fé	935.497	780.765	

Horfur 1986

Áætlað er að ráðstöfunarfé sjóðsins til lán- og styrkveitinga árið 1986 verði um 370 m.kr. Lántökur á árinu verða 95 m.kr.

Áætlað er því að eiginfjármögnun útlána verði um 275 m.kr. Umsótt lán í lok september árið 1986 voru um 393 m.kr.

Vextir lækkuðu úr 11% í 9,5% þann 1. apríl 1986 og aftur þann 1. september 1986 úr 9,5% í 9%.

Breyting á lögum sjóðsins tók formlega gildi 30. maí sl. og bauð sjóðurinn þá öllum þeim, sem þegar höfðu tekið lán hjá sjóðnum, að breyta verðtryggingu á allt að helmingi þegar tekinna lána, þannig að verðtrygging á þessum hluta verði bundin gengi vestur- þýskra marka og/eða breskra punda.

Þá voru einnig frá sama tíma hafin útlán er voru verðtryggð miðað við einn eða fleiri af neðangreindum gjaldmiðlum:

USD	Vextir 9%	breytilegir
DEM	- 7%	-
GBP	- 12%	-

Yfirlit yfir lánsúmsóknir 1985 (þús.kr.)

Óafgreitt frá 1984 Innkomnar úmsóknir 1985 Til afgreiðslu 1985 Samþykkt lán 1985 Synjað/dregið til baka 1985 Óafgreitt 31.12. 1985

Iðngrein	fj. upph.	fj. upph.	fj. upph.	fj. upph.	fj. upph.	fj. upph.	fj. upph.	fj. upph.				
1. Matvælaíónaður	4	28.500	7	53.609	11	82.109	9	75.908	-	-	2	10.200
2. Vefjar- og þrjónaiónaður	1	12.235	5	109.420	6	121.655	5	48.920	-	-	1	37.100
3. Fataíónaður	2	13.400	-	-	2	13.400	2	14.400	-	-	-	-
4. Húsgagna- og innrétt.íón.	3	25.300	4	39.370	7	64.670	4	37.625	2	12.450	1	3.500
5. Pappirs- og prentiðnaður	1	7.550	9	28.820	10	36.370	8	27.483	2	5.715	-	-
6. Skinna- og leðuríónaður	-	-	3	10.349	3	10.349	2	3.349	1	7.000	-	-
7. Efnaiónaður	-	-	6	32.100	6	32.100	3	11.600	2	5.900	1	11.000
8. Steinefnaiónaður	1	10.000	4	63.520	5	73.520	3	25.500	-	-	2	25.200
9. Málmiðnaður	1	32.000	7	40.205	8	72.205	7	66.940	1	1.500	-	-
10. Raftækja- og rafeindaíón.	1	1.000	1	3.500	2	4.500	1	3.500	1	1.000	-	-
11. Skipasmíðar og viðg.	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
12. Plastiðnaður	-	-	6	72.515	6	72.515	4	65.100	1	2.415	1	5.000
13. Ýmis íónaður	-	-	8	74.539	8	74.539	4	29.413	3	39.000	1	3.000
	14	129.985	60	527.94774	657.932	52	409.738	13	74.980	9	95.000	

ÞRÓUNARSJÓÐUR LAGMETISIÐNAÐARINS

Þróunarsjóður lagmetisiðnaðarins var stofnaður samkvæmt lögum frá 26. maí 1972 og starfar nú eftir endurnýjuðum lögum nr. 58 frá 1981 og reglugerð nr. 175 frá 1985. Hlutverk hans er að efla lagmetisiðnaðinn m.a. með því að stuðla að tæknilegri uppbyggingu, þróun vinnsluaðferða og markaðsöflun erlendis með lánum og styrkjum.

Þ.L. hefur sérstaka stjórn undir yfirstjórn iðnaðarráðherra, sem skipar formann án tilnefningar og fjóra samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila: Sölustofnunar lagmetis, Iðntæknistofnunar Íslands, Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og sjávarútvegsráðherra með hliðsjón af ábendingu SÍF. Sölu- stofnun lagmetis er þjónustuaðili sjóðsins, en hann er varðveittur í Iðnaðarbanka Íslands.

Helstu niðurstöður úr rekstri Þ.L. á árinu 1985 eru sem hér segir:

Tekjur voru:

1% af útfluttu lagmeti	p.e.	72% af útflutn.tekjum
3% af söltuðum matarhrognum	"	20% " " "
3% af frystum þorskhrognum	"	8% " " "

Heildartekjur Þ.L. voru 14.872 m.kr. og að frádregnum gjöldum ásamt styrkjum og lánum varð rekstrarafgangur 7.082 millj. krónur.

Á árinu voru veitt lán og styrkir til verksmiðja til tæknilegrar uppbyggingar og þróunarstarfa sem nam kr. 9.380.000. Til Sölustofnunar lagmetis voru veittir styrkir til markaðsmála og umbúðaþróunar að upphæð kr. 6.275.895.

Eigið fé Þróunarsjóðs var í árslok 1985 31.737 m.kr. en var í árslok 1984 22.945 m.kr.

Stjórn Þ.L. var svo skipuð árið 1985:

Heimir Hannesson, formaður	Þórður Jónsson til vara
Ingjaldur Hannibalsson	Rögnvaldur Gíslason til vara
Eyjólfur Ísfeld Eyjólfsson	Gunnar Flóvenz til vara
Rögnvaldur Einarsson	Björn Guðjónsson til vara
Theodór S. Halldórsson	Haraldur Gíslason til vara

Mannabreytingar urðu í stjórn í maí 1986 og er hún nú skipuð þessum mönnum:

Guðni Jónsson, formaður	Halldór J. Kristjánsson til vara
Theodór S. Halldórsson	Haraldur Gíslason til vara
Páll Kr. Pálsson	Rögnvaldur S. Gíslason til vara

Eyjólfur Ísfeld Eyjólfsson Gunnar Flóvenz til vara
Þórarinn Þ. Jónsson

Yfirlit yfir tekjur og gjöld Þ.L.

	<u>1985</u>	<u>1984</u>	<u>1983</u>
	<u>þús.kr.</u>	<u>þús.kr.</u>	<u>þús.kr.</u>
Tekjur	14.872	7.377	5.792
Rekstrargjöld	(7.790)	(4.436)	(2.301)
Fjármagnstekjur	3.558	1.604	2.945
Hagnaður	10.640	4.545	6.436
Eignir	32.236	23.644	16.216
Skuldir	(499)	(699)	(254)
Eigið fé	31.737	22.945	15.962

ORKUSJÓÐUR

Orkusjóður starfar samkvæmt lögum nr. 58/1967, orkulögum, X. kafla, með síðari breytingum. Hann tók við starfsemi Raforkusjóðs og Jarðhitasjóðs og yfirtók eignir þeirra og skuldbindinar. Sjóðurinn er eign ríkissjóðs. Hann lýtur stjórn Orkuráðs undir yfirstjórn iðnaðarráðherra.

Samkvæmt lögum veitir sjóðurinn lán til framkvæmda Rafmagnsveitna ríkisins og annarra rafmagnsveitna til að koma upp nýjum raforkumannvirkjum, til bænda til að koma upp vatnsaflsstöðvum og mótorrafastöðvum. Þá veitir sjóðurinn lán til opinberra aðila, féлага og einstaklinga, til að leita og afla jarðvarma. Sjóðurinn veitir Rafmagnsveitum ríkisins eða öðrum rafveitum styrki til að koma upp veitum í dreifbýli, enda sýni kostnaðaráætlanir, að veiturnar geti ekki borið sig án sérstakra óafturkræfra framlaga. Lán og styrkir eru veitt af lánum, sem sjóðurinn tekur, eða framlögum, sem hann fær.

Rekstur

Á árinu 1985 fékk sjóðurinn innborguð framlög úr ríkissjóði að fjárhæð 161,2 Mkr. Lántökur Orkusjóðs á árinu námu 268,4 Mkr. en lánveitingar urðu alls 306,9 Mkr.

Niðurstöður á rekstrar- og efnahagsreikningum sjóðsins 1985, 1984 og 1983 eru sem hér segir:

	<u>1985</u>	<u>1984</u>	<u>1983</u>
	<u>Mkr.</u>	<u>Mkr.</u>	<u>Mkr.</u>
Tekjur	682,7	1.074,8	741,3
Gjöld	(590,5)	(908,2)	(650,1)
Eignir	5.497,6	4.744,5	3.649,3
Skuldir	(5.876,9)	(5.122,4)	(4.051,3)
Eigið fé	(379,3)	(377,9)	(402,0)

Við samanburð tekna og gjalda er rétt að hafa í huga, að styrkveitingar úr sjóðnum eru taldar með gjöldum á rekstrarreikningi og með tekjum eru talin framlög úr ríkissjóði, þ.á.m. framlög til endurgreiðslu lána. Sé hvort tveggja dregið út úr rekstrarreikningi, styrkveitingar og framlög ríkissjóðs, verður halli 6,0 Mkr. 1984 en 41,3 Mkr. árið 1985.

Ráðstöfunarfé Orkusjóðs til einstakra verkefna var á árunum 1985, 1984 og 1983 sem hér segir:

	1985	1984	1983
	<u>Mkr.</u>	<u>Mkr.</u>	<u>Mkr.</u>
1. Greitt verðjöfnunargjald	-	381,00	283,00
2. Framlag til styrkingar dreifikerfis í sveitum	20,00	33,00	27,00
3. Jarðhitaleitarlán	15,00	15,00	15,00
4. Hitaveitulán	10,00	10,00	7,50
5. Styrkveitingar til rafvæðingar sveita	5,00	14,50	20,50
6. Lánveitingar til einkarafstöðva í sveitum	3,00	1,00	1,00
7. Greiddir vextir, vísitölulán og afb.	913,30	1100,90	777,87
8. Reksturskostnaður Orkusjóðs	0,60	0,55	0,40
9. Styrkur til Hólsfjallabæja v. raforkuframl.	1,70	1,75	0,70
	<hr/>		
Samtals	968,60	1557,60	1132,97

Fé það sem Orkusjóður hafði til ráðstöfunar á árunum 1983, 1984 og 1985 var fengið sem hér segir:

	1985	1984	1983
	<u>Mkr.</u>	<u>Mkr.</u>	<u>Mkr.</u>
1. Framlög úr ríkissjóði:			
a) verðjöfnunargjald	-	381,00	283,00
b) önnur framlög	192,10	218,80	117,41
2. Lántökur	20,00	27,00	30,50
3. Innheimtir vextir, vísitöluálag og afborganir	756,50	930,80	702,06
	<hr/>		
Samtals	968,60	1557,60	1132,97

Stjórn

Orkuráð hefur á hendi stjórn Orkusjóðs undir yfirstjórn ráðherra sem fer með raforkumál. Sameinað Alþingi kýs með hlutfallskosningu 5 menn í Orkuráð til fjögurra ára í senn.

Ráðherra skipar formann úr hópi kjörinna ráðsmanna.

Orkumálastjóri er framkvæmdastjóri Orkusjóðs skv. orkulögum.

Orkuráð skipa frá 1. júlí 1983:

Þorvaldur G. Kristjánsson, alþingismaður, formaður, Daniel Ágústínusson, aðalbókari, Aage Steinsson, deildarstjóri, Þóroddur Th. Sigurðsson, vatnsveitustjóri, Ingólfur Árnason, rafveitustjóri. Ritari er Páll Hafstað. Fundi ráðsins sitja auk þess: Páll Flygenring, ráðuneytisstjóri, og Jakob Björnsson orkumálastjóri.